

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2022/612****2022/EES/63/21****frá 6. apríl 2022****um reiki á almennum farnetum innan Sambandsins****(endurútgefin) (\*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 <sup>(3)</sup> hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum <sup>(4)</sup>. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða ætti að endurútgefa þá reglugerð til glöggvunar.
- 2) Ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 hefur einkum verið breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 <sup>(5)</sup> þar sem gerð var krafa um að afnema aukagjöld á reiki í smásölu í Sambandinu frá og með 15. júní 2017, með fyrirvara um eðlilega notkun á reikiþjónustu og möguleikann á að beita undanþágufyrirkomulagi til að tryggja sjálfbærni við afnám aukagjalda á reiki í smásölu, einnig nefnt „reiki samkvæmt heimagjaldskrá“ (e. *roam-like-at-home* (RLAH)). Þar að auki hófst framkvæmdastjórnin handa við að endurskoða heildsölumarkaðinn fyrir reiki með það fyrir augum að meta ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að gera kleift að afnema aukagjöld á reiki í smásölu í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012. Í kjölfar þeirrar endurskoðunar var reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/920 <sup>(6)</sup> samþykkt með það að markmiði að setja reglur um landsbundna heildsölumarkaði fyrir reiki til að afnema aukagjöld á reiki í smásölu eigi síðar en 15. júní 2017 án þess að trufla starfsemi innlendra og heimsótttra markaða.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 115, 13.4.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 374, 16.9.2021, bls. 28.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 24. mars 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 4. apríl 2022.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10).

(4) Sjá I. viðauka.

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/920 frá 17. maí 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 531/2012 að því er varðar heildsölumarkaði fyrir reiki (Stjtið. ESB L 147, 9.6.2017, bls. 1).

- 3) Hinn 29. nóvember 2019 birti framkvæmdastjórnin fyrstu heildarendurskoðun sína á reikimarkaðnum („skýrsla framkvæmdastjórnarinnar“) þar sem sýnt er fram á að ferðamenn í öllu Sambandinu hafi haft umtalsverðan ávinning af afnámi aukagjalda á reiki í smásölu. Notkun farnetsþjónustu, þ.e. reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð eða gagnaflutninga, sem reglur eru settar um, meðal fólks á ferðalögum innan Sambandsins hefur aukist gríðarlega hratt sem staðfestir áhrifin af reikireglum Sambandsins. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar var komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir merki um virka samkeppni á bæði smásölu- og heildsölumörkuðum fyrir reiki hafi undirliggjandi grundvallarsamkeppniskeyrði ekki tekið breytingum og ekki líklegt að svo verði í fyrirsjáanlegri framtíð. Því er nauðsynlegt að reglur gildi áfram um smásölu- og heildsölumarkaði fyrir reiki og ekki ætti að afnema þær. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar kom enn fremur fram að á heildsölustigi hafi veruleg lækkun á verðþaki stuðlað að frekari lækkun heildsöluverðs á reiki, sem hefur í heildina verið ávinningur fyrir rekstraraðila með meiri heildarnetumferð erlendis (e. *outbounder operator*), þ.e. rekstraraðila með viðskiptavinum sem nota meiri farnetsþjónustu á neti samstarfsaðila í öðrum aðildarríkjum en viðskiptavinir samstarfsaðilanna nota á neti rekstraraðilans.

Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar var tekið mið af ráðleggingum evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC-hópur) um að lækka enn frekar þak á heildsöluverð á reiki. Framkvæmdastjórnin kannaði einnig ítarlega og skjalfesti þörfina á að lækka enn frekar þak á heildsöluverð á reiki og lagði mat á þá lækkun sem gerir heimsóttum rekstraraðilum kleift að endurheimta kostnað við að veita reikiþjónustu í heildsölu. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar var vísað í kröfu reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 um að viðskiptavinir reikiþjónustu hafi aðgang að sömu þjónustu í öðrum aðildarríkjum, á sama verði, að því tilskildu að mögulegt sé að bjóða upp á þá þjónustu á heimsóttá netinu. Í skýrslunni er tekið mið af mjög nýlegri þróun í tengslum við nýjar leiðir í heildsöluviðskiptum með reikiumferð, s.s. viðskiptavettvangar á netinu sem hafa möguleika á að efla samkeppni á heildsölumarkaði fyrir reiki og greiða fyrir samningaviðræðum á milli rekstraraðila. Að lokum benti framkvæmdastjórnin á að markaðurinn hefur ekki tekið upp aðskilda sölu á reikigagnaþjónustu.

- 4) Markmiðið með þessari reglugerð er að endurútgefa reglugerð (ESB) nr. 531/2012, sem fellur úr gildi 30. júní 2022, ásamt því að innleiða nýjar ráðstafanir til að auka gagnsæi, þ.m.t. gagnsæi að því er varðar notkun virðisaukandi reikiþjónustu og notkun reikis á almennum ójarðbundnum farnetum [áður farsímanetum], og að tryggja raunverulega upplifun af reiki samkvæmt heimagjaldskrá að því er varðar gæði þjónustu og aðgang að neyðarþjónustu í reiki. Þessi reglugerð gildir í 10 ár, til ársins 2032, til að skapa öryggi á markaðnum og lágmarka stjórnsýslubyrði. Með þessari reglugerð er gerð krafa um að framkvæmdastjórnin framkvæmi endurskoðanir og leggi skýrslur fyrir Evrópuþingið og ráðið 2025 og 2029, ásamt því að hún leggi fram, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þessari reglugerð, ef markaðspróun krefst þess. Vegna örrar markaðspróunar og skjótrar útbreiðslu nýrrar tækni ætti framkvæmdastjórnin einkum að meta hvort rétt sé að hún leggi fram tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þessari reglugerð þegar hún gefur út fyrstu skýrsluna árið 2025.
- 5) Landsbundin stjórnvöld eða önnur lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á að standa vörð um og stuðla að hagsmunum viðskiptavina farsímaþjónustu sem búa að öllu jöfnu á yfirráðasvæði þeirra, geta ekki fylgst með atferli rekstraraðila heimsótttra neta sem staðsettir eru í öðrum aðildarríkjum og sem þeir viðskiptavinir treysta á þegar þeir nota alþjóðlega reikiþjónustu. Ef ekki er hægt að fylgjast með atferli rekstraraðilanna gæti það dregið úr áhrifum ráðstafana sem aðildarríki grípa til á grundvelli sérstaks valds þeirra til að samþykkja reglur um neytendavernd.
- 6) Markaðurinn fyrir farþjónustu í Sambandinu er enn sundurleitur og ekkert farnet nær til allra aðildarríkjanna. Af því leiðir að veitendur reikiþjónustu kaupa reikiþjónustu í heildsölu af, eða skiptast á reikiþjónustu í heildsölu við, rekstraraðila í heimsóttum aðildarríkjum til að veita innlendum viðskiptavinum sínum farnetsþjónustu þegar þeir ferðast um önnur aðildarríki.
- 7) Ekki er hægt að segja að innri fjarskiptamarkaður sé til á meðan verðmunur er á milli innlands verðs og reikiverðs. Því ætti að afnema muninn á innlendum gjöldum og reikigjöldum í því skyni að koma á fót innri markaði fyrir farnetsþjónustu.
- 8) Beita ætti sameiginlegri, samræmdri aðferð til að tryggja að notendur almennra jarðbundinna farneta á ferðalagi innan Sambandsins borgi ekki óhóflegt verð fyrir reikiþjónustu innan Sambandsins og auka þannig samkeppni varðandi reikiþjónustu á milli veitenda reikiþjónustu, stuðla að öflugri neytendavernd og viðhalda hvata til bæði nýsköpunar og neytendavals. Í ljósi þess að þjónustan, sem um ræðir, er, eðli málsins samkvæmt, veitt yfir landamæri er þörf á slíkri sameiginlegri aðferð til að veitendur reikiþjónustu geti starfað innan eins, samfellds regluramma sem byggist á hlutlægum viðmiðunum.

- 9) Hin útbreidda notkun fartækja með nettengingu þýðir að gagnareiki hefur mjög mikla efnahagslega þýðingu. Þetta skiptir máli bæði fyrir notendur og þá sem bjóða fram hugbúnað og efni. Til að örva þróun þessa markaðar ættu gjöld fyrir gagnaflutninga ekki að hamla vexti, einkum með tilliti til þess að búist er við að þróun og útbreiðsla næstu kynslóðar háhraðaneta og -þjónustu verði mjög hröð.
- 10) Tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB <sup>(7)</sup>, 2002/20/EB <sup>(8)</sup>, 2002/21/EB <sup>(9)</sup>, 2002/22/EB <sup>(10)</sup> og 2002/58/EB <sup>(11)</sup> var ætlað að skapa innri markað fyrir rafræn fjarskipti innan Sambandsins og tryggja um leið öfluga neytendavernd með aukinni samkeppni. Að undanskilinni tilskipun 2002/58/EB voru þær tilskipanir felldar úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 <sup>(12)</sup>.

Tilskipun (ESB) 2018/1972 er ætlað að örva fjárfestingu og uppsetningu neta í Sambandinu með mjög mikla flutningsgetu ásamt því að setja nýjar reglur um tíðnirólf vegna fartenginga og 5G-tenginga. Í tilskipun (ESB) 2018/1972 er einnig kveðið á um að landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld, sem og BERECHÓpurinn, framkvæmdastjórnin og aðildarríkin, eigi m.a. að vinna að þeim markmiðum að stuðla að þróun innri markaðarins og efla hagsmuni borgara Sambandsins. Sú tilskipun tryggir m.a. að allir endanlegir notendur hafi aðgang að fjarskiptum á viðráðanlegu verði, þ.m.t. netinu. Hún eykur neytendavernd og öryggi notenda og greiðir fyrir íhlutun með reglusetningu.

- 11) Smásölu- og heildsölumarkaðirnir fyrir reiki búa yfir einstökum eiginleikum sem réttlæta sérstakar ráðstafanir sem ganga lengra en þær aðferðir sem eru annars í boði samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/1972.
- 12) Í þessari reglugerð ætti að gera ráð fyrir frávikum frá þeim reglum sem annars gilda samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/1972, þ.e. að verð fyrir boðna þjónustu eigi að ákvarða með viðskiptasamningi þegar sterk markaðsstaða er ekki fyrir hendi og gera þannig kleift að innleiða frekari lögboðnar skyldur sem endurspeglar sérstök einkenni reikiþjónustu innan Sambandsins.
- 13) Til að verja viðskiptavinum reikiþjónustu fyrir hækkandi smásöluverði á reikiþjónustu, sem reglur eru settar um, þ.e. reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð eða gagnaflutninga sem reglur eru settar um, vegna sveiflna á viðmiðunargengi annarra gjaldmiðla en evru ætti aðildarríki sem er ekki með evru að nota meðaltal viðmiðunargengis nokkurra gjaldmiðla til lengri tíma til að ákvarða viðeigandi hámarks aukagjöld í sínum gjaldmiðli. Ef hámarksgjald er ekki tilgreint í evrum ætti að ákvarða viðeigandi verðgildi í viðeigandi gjaldmiðli með því að nota meðaltal viðmiðunargengis nokkurra gjaldmiðla til lengri tíma sem birt er í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (Stjórnartíðindum ESB) á þeim degi sem tilgreindur er í þessari reglugerð. Ef ekkert hefur verið birt á tilgreindum degi skulu viðeigandi viðmiðunargengi vera þau sem birt eru í fyrstu Stjórnartíðindum ESB eftir þann dag þar sem slíkt viðmiðunargengi kemur fram. Til að samræma ákvörðun á verðgildi annarra gjaldmiðla en evru við regluna sem gildir um fjarskipti innan ESB í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2120 ætti að ákvarða hámarksgjöld í öðrum gjaldmiðlum en evru með því að nota meðaltal viðmiðunargengis sem Seðlabanki Evrópu birtir 15. janúar, 15. febrúar og 15. mars á viðkomandi almanaksári í Stjórnartíðindum ESB. Hámarksgjöld, sem eru reiknuð á þennan hátt fyrir árið 2022, ættu að gilda frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar til 15. maí 2023.

<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7).

<sup>(8)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21).

<sup>(9)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

<sup>(10)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51).

<sup>(11)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

<sup>(12)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

- 14) Til þess að gera mögulegt að þróa skilvirkari, samþættari og samkeppnishæfari markað fyrir reikipjónustu ættu ekki að vera neinar takmarkanir sem hindra fyrirtæki að semja með skilvirkum hætti um heildsöluaðgang í þeim tilgangi að veita reikipjónustu, þ.m.t. fyrir samskipti milli véla. Fjarlægja ætti hindranir fyrir aðgang að reikipjónustu í heildsölu vegna mismunandi samningsstöðu og eignarhalds fyrirtækja á grunnvirkjum. Í því skyni ættu heildsölusamningar um reiki að virða meginregluna um tæknilegt hlutleysi og tryggja að allir rekstraraðilar hafi jöfn og sanngjörn tækifæri til aðgangs að öllum tiltækum netum og tækni og ættu þeir að virða þá meginreglu að slíkir samningar séu gerðir í góðri trú til að gera veitendum reikipjónustu kleift að bjóða reikipjónustu í smásölu sem jafngildir þeirri innlendu þjónustu sem þeir bjóða. Með þessari reglugerð er ekki lögð sú skylda á veitendur reikipjónustu að þeir geri einungis heildsölusamninga um reiki við þá rekstraraðila sem búa yfir þróðustu netunum, sbr. þó hlítni við kröfur um gæði þjónustu í smásölu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Rekstraraðilar sem falast eftir heildsöluaðgangi að reiki ættu að hafa frelsi til að gera heildsölusamninga um reiki samkvæmt þeirra eigin viðskiptaþörfum og bestu hagsmunum endanlegra notenda sinna. Við umskiptin yfir í næstu kynslóð farneta og -tækni ættu veitendur reikipjónustu því smám saman að tryggja heildsöluaðgang að reiki sem gerir mögulegt að veita reikipjónustu í smásölu í öðrum aðildarríkjum við sambærileg samningsskilyrði og í heimaaðildarríkinu, í samræmi við markmiðin um reiki samkvæmt heimagjaldskrá. Veitendur reikipjónustu ættu að bjóða reikipjónustu í smásölu sem er jafngild innlendri farnetsþjónustu sem þeir bjóða þar sem fyrir hendi er víðtæk þekja eða þegar fyrir hendi eru samkeppnishæf tilboð um aðgang að slíkri næstu kynslóð farneta og -tækni í heimsóttu aðildarríkinu, í samræmi við leiðbeiningar BEREC-hópsins um heildsöluaðgang að reiki.

Rekstraraðilar sýndarfarneta (MVNO) og endurseljendur farnetsþjónustu án eigin netgrunnvirkja veita yfirleitt reikipjónustu á grundvelli viðskiptaheildsölusamninga um reiki við rekstraraðila hýsifarneta í sama aðildarríki. Viðskiptaviðræður geta hins vegar ekki gefið næga framlegð fyrir rekstraraðila sýndarfarneta og endurseljendur til að örva samkeppni með lægri verðlagningu. Með því að fjarlægja þær hindranir og jafna samningsstyrk rekstraraðila sýndarfarneta eða endurseljenda og rekstraraðila farneta með aðgangsskyldum og þaki á heildsöluverði ætti þróun á annarri, framsækinni reikipjónustu og -tilboðum innan Sambandsins fyrir viðskiptavinum að vera auðveldari. Í tilskipun (ESB) 2018/1972 er þetta vandamál ekki leyst með því að leggja skyldur á rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk.

- 15) Því ætti að kveða á um skuldbindingu um að verða við réttmætum beiðnum um heildsöluaðgang að almennum farnetum í þeim tilgangi að veita reikipjónustu. Slíkur aðgangur ætti að vera í samræmi við þarfir þeirra sem óska eftir honum. Endanlegir notendur þjónustu sem hafa þörf fyrir nútímatækni og reikipjónustu í smásölu ættu að geta notið sömu þjónustugæða í reiki og þeir gera innanlands. Skuldbinding um heildsöluaðgang að reiki ætti því að tryggja að umsækjendur um aðgang geti endurgert smásölupjónustuna sem boðin er innanlands, nema rekstraraðilar heimsótt nets, sem óskað er eftir að veiti aðgang, geti fært sönnur á að það sé tæknilega óhagkvæmt. Kennistærðirnar, sem liggja til grundvallar farnetsþjónustunni sem rekstraraðili heimsótt nets býður innlendum viðskiptavinum sínum, teljast vera tæknilega mögulegir. Með fyrirvara um víðeigandi heildsölusamning um reiki og án þess að hafa áhrif á skuldbindingarnar um smásölu, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ætti rekstraraðili heimsótt netsins að tryggja að viðskiptavinir reikipjónustu á hans neti séu ekki háðir skilyrðum sem eru óhagstæðari en þau sem hann býður innlendum viðskiptavinum sínum, t.d. að því er varðar þjónustugæði, s.s. tiltækan hraða. Aðgangi ætti aðeins að hafna á grundvelli hlutlægra viðmiðana, eins og þess sem er framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti, eða þeirrar nauðsynjar að viðhalda heildstæði netsins.

Rekstraraðili heimsótt netsins ætti hvorki að hafna né takmarka aðgang af viðskiptalegum ástæðum á þann hátt að það takmarki samkeppni í tengslum við veitingu reikipjónustu. Ef aðgangi er hafnað ætti sá málstaði sem hefur verið gert rangt til að geta vísað málinu í málsmæðferð til lausnar deilumála í samræmi við málsmæðferðina sem sett er fram í þessari reglugerð. Til þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði ætti heildsöluaðgangur í þeim tilgangi að veita reikipjónustu að vera veittur í samræmi við lögboðnar skyldur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og gilda á heildsölustigi og taka ætti tillit til mismunandi kostnaðarþátta sem nauðsynlegir eru til að veita þennan aðgang. Samræmd nálgun sem felur í sér að setja reglur um heildsöluaðgang að veitingu reikipjónustu ætti að stuðla að því að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli aðildarríkjanna. BEREC-hópurinn ætti, í samstarfi við framkvæmdastjórnina og í samvinnu við viðkomandi hagsmunaaðila, að gefa út leiðbeiningar um heildsöluaðgang í þeim tilgangi að veita reikipjónustu.

- 16) Skyldur um heildsöluaðgang að reiki ættu að taka til veitingar beinnar reikipjónustu í heildsölu sem og reikipjónustu í heildsölu til endursölu af hálfu þriðja aðila. Skyldur um heildsöluaðgang að reiki ættu einnig að ná yfir skyldur rekstraraðila farneta til að gera rekstraraðilum sýndarfarneta og endurseljendum kleift að kaupa reikipjónustu í heildsölu, sem reglur eru settar um, frá heildsölusöfnum sem bjóða upp á einn aðgangsstað og staðlaðan vettvang fyrir

samninga um reiki í öllu Sambandinu. Til að tryggja að rekstraraðilar veiti veitendum reikiþjónustu aðgang að allri aðstöðu sem er nauðsynleg fyrir beinan heildsöluaðgang að reiki og heildsöluaðgang að reiki til endursölu innan hæfilegs tíma ætti að birta viðmiðunartilboð sem inniheldur staðalskilyrði fyrir beinum heildsöluaðgangi að reiki og heildsöluaðgangi að reiki til endursölu. Birting viðmiðunartilboðs ætti ekki að koma í veg fyrir viðskiptaviðræður á milli umsækjanda um aðgang og veitanda aðgangs um verð á endanlegum heildsölusamningi eða viðbættri aðgangspjónustu í heildsölu sem gengur lengra en nauðsynlegt er fyrir beinan heildsöluaðgang að reiki og heildsöluaðgang að reiki til endursölu.

- 17) Skyldur um heildsöluaðgang að reiki ættu að ná yfir aðgang að öllum þáttum sem nauðsynlegir eru svo unnt sé að veita reikiþjónustu, s.s. netþáttum og tengdri aðstöðu, viðkomandi hugbúnaðarkerfum, þ.m.t. rekstrarstuðningskerfi, upplýsingakerfi eða gagnagrunnar fyrir forpantanir, afhendingar, pantanir, beiðnir um viðhald og viðgerðir og reikningagerð, eða kerfi sem bjóða jafngilda virkni, farnet og þjónustu fyrir sýndarfarnet.
- 18) Ef umsækjendur um heildsöluaðgang að reiki til endursölu óska eftir aðgangi að aðstöðu eða þjónustu umfram það sem nauðsynlegt er til að veita reikiþjónustu í smásölu mega rekstraraðilar farneta innheimta sanngjörn gjöld fyrir þá aðstöðu eða þjónustu. Sú umframaðstaða eða -þjónusta getur m.a. verið virðisaukandi þjónusta, viðbótarhugbúnaður og upplýsingakerfi eða fyrirkomulag við reikningagerð.
- 19) Í 109. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 er gerð krafa um að aðildarríki tryggi að allir endanlegir notendur hafi aðgang að neyðarþjónustu án endurgjalds í gegnum neyðarfjarskipti við þá neyðarsímsvörunarstöð sem hentar best. Í þeirri tilskipun er einnig gerð sú krafa að aðildarríkin tryggi að endanlegir notendur með fötlun hafi aðgang að neyðarþjónustu í gegnum neyðarfjarskipti, þ.m.t. þegar þeir ferðast innan Sambandsins, og að slíkur aðgangur sé jafngildur þeirri þjónustu sem aðrir endanlegir notendur njóta. Þær aðgangsleiðir gætu falið í sér textaþjónustu í rauntíma eða heildarsamtalsþjónustu, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/882 <sup>(13)</sup>, eða aðra fjarskiptaþjónustu sem er ekki raddflutningur, s.s. smáskilaboð, skilaboða- eða myndmiðlunarþjónusta með neyðarhugbúnaði, eða textasímaþjónustu sem aðildarríki nota, að teknu tilliti til krafna sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins og getu og tæknibúnaðar landsbundna neyðarsímsvörunarkerfisins. Útfærsla aðgangsleiða að neyðarþjónustu sem eru tiltækar viðskiptavinum reikiþjónustu með fötlun og afhending upplýsinga um staðsetningu innhringjanda ætti að grundvallast á, eftir því sem framast er unnt, Evrópustöðlum eða -forskriftum. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki ættu að stuðla að notkun slíkra staðla í samstarfi við evrópskar staðlastofnanir og aðra viðkomandi aðila.

Það kemur í hlut aðildarríkjanna að ákveða hvaða gerðir neyðarfjarskipta eru tæknilega mögulegar til að tryggja viðskiptavinum reikiþjónustu aðgang að neyðarþjónustu. Til að tryggja að viðskiptavinir reikiþjónustu hafi aðgang að neyðarfjarskiptum, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 109. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, ættu rekstraraðilar heimsóttá netsins að láta viðmiðunartilboðið innihalda upplýsingar um hvaða gerðir neyðarfjarskipta hefur verið kveðið á um og eru tæknilega mögulegar til að tryggja viðskiptavinum reikiþjónustu aðgang samkvæmt landsráðstöfunum í heimsóttá aðildarríkinu. Að auki ættu heildsölusamningar um reiki að fela í sér upplýsingar um tæknilegar kennistærðir til að tryggja aðgang að neyðarþjónustu, þ.m.t. fyrir viðskiptavinum reikiþjónustu með fötlun, og til að tryggja sendingu upplýsinga um staðsetningu innhringjanda, þ.m.t. upplýsingar úr handtólum, í þá neyðarsímsvörunarstöð sem hentar best í heimsóttá aðildarríkinu. Slíkar upplýsingar ættu að gera veitanda reikiþjónustu kleift að auðkenna og útvega neyðarfjarskipti og senda upplýsingar um staðsetningu innhringjanda án endurgjalds.

- 20) Tiltekin skilyrðin mega vera í viðmiðunartilboðunum til að gera rekstraraðilum farneta kleift að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki. Ef rekstraraðili heimsóttá netsins hefur gilda ástæðu til að ætla að varanlegt reiki af hálfu verulegs hluta viðskiptavina veitanda reikiþjónustu, eða óvanaleg notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki, eigi sér stað ætti hann að geta krafist þess að veitandi reikiþjónustu veiti, á samanteknu formi og í fullu samræmi við kröfur Sambandsins og landsbundnar kröfur um persónuvernd, upplýsingar sem gera kleift að ákvarða hvort verulegur hluti viðskiptavina þessa veitanda reikiþjónustu sé í þeirri stöðu að stunda varanlegt reiki eða hvort um óvanalega notkun eða misnotkun þeirra á heildsöluaðgangi að reiki sé að ræða, s.s. upplýsingar um hluta þeirra viðskiptavina sem eru með óverulega innlenda notkun samanborið við reikinotkun. Enn

<sup>(13)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/882 frá 17. apríl 2019 um kröfur um aðgengi að vörum og þjónustu (Stjtið. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 70).

fremur ætti einungis að grípa til uppsagna á heilðsölusamningum um reiki, með það fyrir augum að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heilðsöluáðgangi að reiki, ef mildari ráðstafanir hafa ekki dugað til að taka á vandanum. Slík uppsögn ætti að vera með fyrirvara um fyrirframleyfi af hálfu landsbundins stjórnvalds rekstraraðila heimsóttá netsins, að teknu fullu tilliti til álits BEREC-hópsins ef samráð hefur verið haft við hann.

Mildari ráðstafanir gætu falið í sér að ákvarða hærri heilðsölugjöld, sem fara ekki yfir hámarksheilðsölugjöldin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fyrir það magn sem fer yfir samanlagt magn sem tilgreint er í samningnum. Slík hærri heilðsölugjöld ætti að ákveða fyrir fram, eða frá og með þeim tímapunkti þegar rekstraraðili heimsóttá netsins hefur komist að því og upplýst rekstraraðila heimanetsins, byggt á hlutlægum viðmiðunum, um að varanlegt reiki af hálfu verulegs hluta viðskiptavina veitanda reikijónustu, eða óvanaleg notkun eða misnotkun á heilðsöluáðgangi að reiki, eigi sér stað. Mildari ráðstafanir gætu einnig falið í sér að rekstraraðili heimanetsins skuldbindi sig til að samþykka eða endurskoða viðmiðunarreglurnar um eðlilega notkun sem gilda um viðskiptavinum hans í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð eða að rekstraraðili heimsóttá netsins óski eftir því að heilðsölusamningurinn um reiki verði endurskoðaður. Í þágu gagnsæis ætti landsbundna stjórnvaldið að gera upplýsingar varðandi beiðnir um heimild til að segja upp heilðsölusamningum um reiki aðgengilegar almenningi, sbr. þó viðskiptaleynd.

- 21) Til þess að gera mögulegt að þróa skilvirkari, samþættari og samkeppnishæfari markaði fyrir reikijónustu þegar samið er um heilðsöluáðgang að reiki, með það að markmiði að veita reikijónustu í smásölu, ætti að gefa rekstraraðilum möguleika á að semja um nýjar gerðir áætlana um verðlagningu í heilðsölu sem tengjast ekki beint magninu sem notað er í raun, s.s. flatar greiðslur, fyrirframskuldbindingar eða samningar sem byggjast á flutningsgetu, eða verðlagningaráætlanir sem endurspeglar breytingar á eftirspurn yfir árið. Með fyrirvara um þær takmarkanir á varanlegu reiki sem eru í þessari reglugerð eru samskipti milli véla, þ.e. þjónusta sem felur í sér sjálfvirkar flutning gagna og upplýsinga milli tækja eða forrita með takmörkuðum eða engum mannlegum afskiptum, ekki undanskilin gildissviði þessarar reglugerðar eða viðeigandi skuldbindingum um heilðsöluáðgang að reiki, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þ.m.t. ákvæði um eðlilega notkun reikijónustu og möguleika rekstraraðila farneta á að setja í viðmiðunartilboð sín skilyrði til að koma í veg fyrir varanlega notkun á reikijónustu, sem reglur eru settar um, eða óvanalega notkun eða misnotkun á heilðsöluáðgangi að reiki. Þó er varanlegt reiki háð viðskiptaviðræðum og geta tveir samstarfsaðilar um reiki samið um slíkt í heilðsölusamningi um reiki. Til að gera mögulegt að þróa skilvirkari og samkeppnishæfari markaði fyrir samskipti milli véla er búist við að rekstraraðilar farneta muni í auknum mæli bregðast við og samþykka allar réttmætar beiðnir um heilðsölusamninga um reiki með sanngjörnum skilmálum og heimila með skýrum hætti varanlegt reiki fyrir samskipti milli véla.

Þeir ættu að geta innleitt sveigjanlega heilðsölusamninga um reiki, sem gera reikijónustu í heilðsölu mögulega, og beitt gjaldskrárkerfum sem eru ekki byggð á því gagnamagni sem notað er heldur öðrum kerfum, t.d. fjölda tengdra véla á mánuði. Ef upp kemur deilumál yfir landamæri ættu hlutaðeigandi aðilar í því samhengi að geta nýtt sér málsmeðferðina við lausn deilumála sem mælt er fyrir um í 27. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Samningsaðilarnir ættu að hafa möguleika á að samþykka að beita ekki hámarksgjöldum fyrir reikijónustu í heilðsölu, sem reglur eru settar um, á gildistíma heilðsölusamninga um reiki. Það myndi koma í veg fyrir að annar samningsaðilanna gæti óskað eftir því síðar að hámarksheilðsölugjöldin, sem byggjast á magni, verði lögð á raunnotkun eins og sett er fram í þessari reglugerð. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar að því er varðar veitingu reikijónustu í smásölu sem reglur eru settar um. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar er enn fremur tekið mið af mjög nýlegri þróun í tengslum við nýjar leiðir í heilðsöluvíðskiptum með reikiumferð, s.s. víðskiptavettvangar á netinu sem hafa möguleika á að greiða fyrir samningaviðræðum milli rekstraraðila. Notkun svipaðra úrræða gæti stuðlað að aukinni samkeppni á heilðsölumarkaði fyrir reiki og haft frekari áhrif til lækkunar á raunverulegum álögðum heilðsölugjöldum.

- 22) Í reglugerð (ESB) nr. 531/2012 er kveðið á um að rekstraraðilar eigi ekki að hindra endanlega notendur í því að fá aðgang að reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, á heimsóttu neti sem annar veitandi reikijónustu býður. Hins vegar hefur þessi skipulagsráðstöfun, sem innleidd var með skyldunni um aðskilda sölu á reikigagnþjónustu, orðið óskilvirk eftir að reiki samkvæmt heimagjaldskrá var innleitt. Þar að auki virðist þessi skylda ekki lengur skipta máli þar eð markaðurinn færir hana sér ekki í nyt. Því ættu ákvæði, sem skylda rekstraraðila til að veita aðskilda sölu á reikigagnþjónustu á smásölustigi, ekki að gilda lengur.

- 23) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar að setja fram ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni þess að veita reikipjónustu í smásölu á innanlandsverði og um umsóknina sem veitandi reikipjónustu á að leggja fram vegna þess mats. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(14)</sup>. Þar til þær framkvæmdarráðstafanir verða samþykktar ætti framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286 <sup>(15)</sup> að gilda áfram.
- 24) Leggja ætti lögboðnar skyldur bæði á smásölu- og heildsölustigi til að verja hagsmuni viðskiptavina reikipjónustu en reynslan hefur sýnt að lækkanir á heildsöluverði fyrir reikipjónustu innan Sambandsins skila sér ekki í lægra smásöluverði á reikipjónustu þar sem ekki er hvatt til þess að svo verði. Á hinn bóginn gætu aðgerðir til að lækka smásöluverð, án þess að tillit sé tekið til heildsölukostnaðar í tengslum við veitingu þeirrar þjónustu, orðið til þess að raska skipulegri starfsemi innri markaðarins með reikipjónustu og myndu ekki leiða til aukinnar samkeppni.
- 25) Afnáms aukagjalda á reiki í smásölu í samræmi reglugerð (ESB) 2015/2120 var nauðsynlegt til að koma á og greiða fyrir starfsemi stafræns innri markaðar í Sambandinu. Sú reglugerð ein og sér var hins vegar ekki nóg til að tryggja eðlilega starfsemi reikimarkaðarins. Þessi reglugerð ætti að stuðla að því að verðlagningarlíkön á innanlandsmörkuðum verði ekki fyrir áhrifum af afnáms aukagjalda á reiki í smásölu.
- 26) Viðeigandi smásöluverð innanlands ætti að vera jafnt smásölugjaldi innanlands á einingu. Þó ætti við aðstæður þar sem ekki er til staðar neitt sértækt innlent smásöluverð sem hægt væri að nota sem grunn að reikipjónustu í smásölu sem reglur eru settar um (t.d. þegar um er að ræða innlendar ótakmarkaðar gjaldskrár, pakka eða innlendar gjaldskrár sem taka ekki til gagna) að líta svo á að innlenda smásöluverðið miðist við sama gjaldtökukerfi og ef viðskiptavinur væri að nota innlenda gjaldskrá í aðildarríki sínu.
- 27) Þegar viðskiptavinir reikipjónustu nýta sér reiki innan Sambandsins ættu þeir að geta notað smásölupjónustuna, sem þeir eru áskrifendur að, og njóta sama gæðastigs þjónustu og heima. Í því skyni og í samræmi við skyldurnar um heildsöluáðgang, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu veitendur reikipjónustu og rekstraraðilar farneta að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að reikipjónusta í smásölu, sem reglur eru settar um, sé veitt með sömu skilyrðum og ef slík þjónusta væri notuð innanlands. Ef, til að mynda, tiltækur hámarksgagnahraði á heimsóttá netinu er jafn og eða meiri en tiltækur hámarkshraði sem veitandi reikipjónustu býður upp á innanlands ætti veitandi reikipjónustunnar ekki að bjóða minni hraða en tiltæka hámarkshraðann sem veittur er innanlands. Ef tiltækur hámarksgagnahraði á heimsóttá netinu er minni en tiltækur hámarkshraði sem veitandi reikipjónustunnar býður upp á innanlands ætti veitandi reikipjónustunnar ekki að bjóða upp á minni hraða en tiltæka hámarkshraðann á heimsóttá netinu. Ef nýrri kynslóð neta eða tækni er í boði á heimsóttá netinu ætti veitandi reikipjónustu ekki að takmarka reikipjónustuna við kynslóð neta eða tækni sem er eldri en sú sem er í boði innanlands. Enn fremur getur veitandi reikipjónustu boðið reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, með þeirri tækni sem fyrir er á farnetum, einkum við umskiptin yfir í næstu kynslóð farneta og -tækni, ef innleiðing veitanda reikipjónustu og rekstraraðila heimsóttá netsins á þessum netum og tækni er ekki sambærileg. Ekki ætti að vera unnt að bera fyrir sig viðskiptalegum ástæðum sem leiða til minnkunar á gæðum reikipjónustu í smásölu sem reglur eru settar um, s.s. minnkun á bandbreidd til að draga úr reikimagni. Rekstraraðilar ættu að gera réttmætar ráðstafanir til að lágmarka óþarfa tafir á afhendingu milli farneta, sbr. þó 28. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Landsbundin stjórnvöld og rekstraraðilar geta gert með sér samninga um samræmingu á tíðnirófi og tryggt þekju, a.m.k. eftir 5G-stofnleiðum og flutningsaðum á jörðu niðri.
- 28) Veitendur reikipjónustu ættu að geta beitt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun í tengslum við notkun á reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, og sem er veitt á viðeigandi innlendu smásöluverði. Viðmiðunarreglur um eðlilega notkun ættu eingöngu að taka á óvannalegri notkun eða misnotkun viðskiptavina reikipjónustu á reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, eins og notkun slíkrar þjónustu meðal viðskiptavina reikipjónustu í aðildarríki öðru en ríki

<sup>(14)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkja með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

<sup>(15)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286 frá 15. desember 2016 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikipjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats (Stjtið. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 46).

innlenda þjónustuveitandans í öðrum tilgangi en vegna reglulegra ferðalaga. Framkvæmdarráðstafanir um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun ættu að tryggja að veitendur reikipjónustu fari ekki á svig við þetta markmið til að stefna að öðrum markmiðum sem eru í óhag viðskiptavina reikipjónustu sem ferðast reglulega. Ef um er að ræða óviðráðanleg atvik eins og heimsfaraldra, tímabundna lokun landamæra eða náttúruhamfarir, sem framlengja óviljandi tímabundna dvöl viðskiptavinar reikipjónustu í öðru aðildarríki ættu veitendur reikipjónustu að framlengja viðeigandi heimildir um eðlilega notkun í hæfilegan tíma að fenginni rökstuddri beiðni frá viðskiptavini reikipjónustunnar. Allar viðmiðunarreglur um eðlilega notkun ættu að gera viðskiptavinum veitanda reikipjónustunnar kleift að nota tiltekið magn af reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, á viðeigandi innlendu smásöluverði sem samrýmist gjaldskrá þeirra. Framkvæmdarráðstafanir um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun ættu að taka tillit til hinna ýmsu ferðamynstra varðandi regluleg ferðalög viðskiptavina reikipjónustu til að tryggja að viðmiðunarreglur um eðlilega notkun virki ekki sem hindrun fyrir raunverulega upplifun slíkra viðskiptavina af reiki samkvæmt heimagjaldskrá.

- 29) Við endurskoðun framkvæmdargerða ætti framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við BEREK-hópin, að meta að hvaða marki markaðsaðstæður, neyslu- og ferðamynstur, þróun og samleitni í verðlagningu og merkjanleg hættu á röskun á samkeppni myndu gera kleift að veita sjálfbæra reikipjónustu á innanlandsverði í tengslum við regluleg ferðalög og mögulega að takmarka beitingu og áhrif ráðstafana samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun í undantekningartilvikum.
- 30) Í sérstökum undantekningartilvikum þar sem veitandi reikipjónustu getur ekki endurheimt raunverulegan og áætlaðan heildarkostnað sinn við að veita reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, með raunverulegum og áætluðum heildartekjum af veitingu slíkrar þjónustu ætti sá veitandi reikipjónustu að geta sótt um heimild til að leggja á aukagjald með það fyrir augum að tryggja sjálfbærni innlends verðlíkans síns. Matið á sjálfbærni verðlíkansins fyrir innanlandsmarkað ætti að byggjast á viðeigandi hlutlægum þáttum sem eiga við veitanda reikipjónustunnar, þ.m.t. hlutlægum mismun á milli veitanda reikipjónustu í hlutaðeigandi aðildarríki og innanlandsverði og tekjum. Þetta kann t.d. að eiga við um innlend smásölulíkon rekstraraðila fyrir fastagjald með verulega neikvætt ójafnvægi í umferð þar sem óbeint einingarverð innanlands er lágt og heildartekjur rekstraraðilans eru einnig lágar miðað við kostnaðarbyrði við reiki eða þar sem óbeint einingarverð er lágt og raunveruleg eða áætluð notkun reikipjónustu er mikil. Til að forðast að slík vandamál við að endurheimta kostnað geri innlent verðlíkan veitanda reikipjónustu ósjálfbært og skapi þannig hættu á merkjanlegum áhrifum á þróun innlends verðs eða svokölluðum „vatnsrúmsáhrifum“ (e. *waterbed effect*) ættu veitendur reikipjónustu, þegar þeir hafa fengið heimild frá landsbundnum stjórnvöldum, að geta við slíkar aðstæður lagt aukagjald á reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, en þó aðeins eftir því sem nauðsynlegt er til að endurheimta allan viðkomandi kostnað við að veita slíka þjónustu.
- 31) Í því skyni ætti sá kostnaður sem til er stofnað til að veita reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, að vera ákvarðaður með vísan til raunverulegra reikigjalda í heildsölu sem lögð eru á reikiumferð á útleið frá hlutaðeigandi veitanda reikipjónustu umfram reikiumferð á innleið og með vísan til sanngjarnar ráðstöfunar varðandi samtengdan og sameiginlegan kostnað. Tekjur af reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, ættu að vera ákvarðaðar með vísan til tekna á verði innanlands sem rekja má til notkunar á reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, hvort sem er á grundvelli einingarverðs eða sem hlutfall af flötu gjaldi, og endurspeгла hvort fyrir sig raunverulegt og áætlað hlutfall notkunar viðskiptavina í Sambandinu á reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, og innlenda notkun. Einnig skal taka tillit til notkunar á reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, og innlendrar notkunar viðskiptavina veitanda reikipjónustunnar og til samkeppnisstigs, verðs og tekna á innanlandsmarkaði og merkjanlegrar hættu á því að reiki á innlendu smásöluverði myndi hafa sýnileg áhrif á þróun slíks verðs.
- 32) Í reglugerð (ESB) nr. 531/2012 er kveðið á um að þegar veitandi reikipjónustu leggur á aukagjald fyrir notkun reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun eigi summa smásöluverðs innanlands og aukagjald sem lagt er á reikisímtöl, sem reglur eru settar um og hringd eru, reikismáskilaboð, sem reglur eru settar um og send eru, eða reikigagnapjónustu, sem reglur eru settar um, ekki að vera hærri en 0,19 evrur á mínútu, 0,06 evrur á hver smáskilaboð og 0,20 evrur á hvert notað megabæti, eftir því sem við á. Að því gefnu að reglur um reiki samkvæmt heimagjaldskrá hafi virkað á skilvirkan hátt síðan 15. júní 2017 er ekki lengur þörf á því ákvæði.
- 33) Í samræmi við meginregluna um að „sá sem hringir borgar“, borga viðskiptavinir farsímapjónustu ekki fyrir að taka á móti innanlandssímtölum í farsíma og gjaldið fyrir lúkningu símtals í kerfi þess sem hringt er í fellur undir smásölugjald þess sem hringir. Samleitni í verði fyrir lúkningu símtala í farsíma í aðildarríkjunum ætti að gera kleift að beita sömu meginreglu á reikisímtöl í smásölu sem reglur eru settar um. Samkvæmt 1. mgr. 75. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972



hefur framkvæmdastjórnin komið á, með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/654 <sup>(16)</sup>, einu hámarksverði fyrir lúkningu símtala í farnetsþjónustu í Sambandinu til að draga úr stjórnsýslubyrði sem fylgir því að bregðast við samkeppnisvandamálum í tengslum við lúkningu símtala í heildsölu með samræmdum hætti í Sambandinu. Í framseldri reglugerð (ESB) 2021/654 er fjallað um lækkun í áföngum á þremur árum: hámarksverð fyrir lúkningu símtals í farsíma í Sambandinu á að vera 0,70 evrusent 2021, 0,55 evrusent 2022, 0,40 evrusent 2023, þar til lækkunin felur í sér eitt hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma innan Sambandsins sem nemur 0,20 evrusent frá og með árinu 2024. Við þær aðstæður sem settar eru fram í þessari reglugerð þar sem veitendur reikiþjónustu mega leggja á aukagjald fyrir reikiþjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, ætti aukagjaldið, sem lagt er á fyrir að taka á móti reikisímtölum sem reglur eru settar um, ekki að fara yfir hámarksverðið fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu sem framkvæmdastjórnin ákveður fyrir viðkomandi ár í framseldri reglugerð (ESB) 2021/654. Ef framkvæmdastjórnin kemst síðar að þeirri niðurstöðu að ekki sé lengur nauðsynlegt að fastsetja eitt hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu ætti hvers konar aukagjald, sem lagt er á fyrir að taka á móti reikisímtölum sem reglur eru settar um, ekki að vera herra en verðið sem fastsett er í síðustu framseldu gerðinni sem samþykkt er skv. 75. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

- 34) Ef veitendur reikiþjónustu, sem reglur eru settar um, í Sambandinu gera breytingar á smásölureikigjaldskrár sínum og á meðfylgjandi notkunarskilmálum fyrir reiki í því skyni að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar ættu slíkar breytingar ekki að veita viðskiptavinum farsímaþjónustu neinn rétt, samkvæmt landslögum sem lögleiða tilskipun (ESB) 2018/1972, til að segja upp smásölusamningum sínum.
- 35) Í smásölusamningi sem tekur til hvers konar reikiþjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, ætti að tilgreina á skýran og auðskiljanlegan hátt eiginleika þeirrar reikiþjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, þ.m.t. fyrirhuguð þjónustugæði. Jafnvel þótt veitendur reikiþjónustu hafi ekki eftirlit með heimsóttum netum fellur reikiþjónustan, sem veitt er, undir heildsölusamninginn um reiki við rekstraraðila heimsóttá netsins. Til að valdefla viðskiptavinum reikiþjónustu ættu veitendur reikiþjónustu því að upplýsa viðskiptavinum sína á skýran hátt í smásölusamningnum um það hvernig gæði reikiþjónustu geti í reynd verið önnur en þeirrar þjónustu sem notuð er innanlands. Veitendur reikiþjónustu ættu einnig að útskýra, að því marki sem það er mögulegt, hvernig aðrir viðeigandi þættir geta haft áhrif á gæði þjónustunnar, s.s. hraði, biðtími og framboð á reikiþjónustu eða annarri þjónustu í tengslum við reiki, vegna tiltækileika tiltekinna tækni, þekju eða breytileika vegna ytri þátta á borð við staðhætti. Slíkur smásölusamningur ætti einnig að innihalda skýrar og auðskiljanlegar upplýsingar um fyrirliggjandi málsmæðferð vegna kvartana þegar gæði þjónustunnar samrýmast ekki skilmálum smásölusamningsins. Veitandi reikiþjónustu ætti í þessu tilliti að meðhöndla kvartanir tímanlega og á skilvirkan hátt.
- 36) Til að tryggja að viðskiptavinir reikiþjónustu séu upplýstir á fullnægjandi hátt um gæði reikiþjónustu sinnar ættu veitendur reikiþjónustu að birta viðeigandi upplýsingar á vefsíðum sínum. Í því skyni ættu þeir að tilgreina upplýsingar um ástæður fyrir því hvers vegna reikiþjónusta gæti verið boðin samkvæmt skilyrðum sem eru óhagstæðari en þau sem bjóðast á heimamarkaði. Þær upplýsingar ættu einkum að innihalda augljósa og auðskiljanlega útskýringu á hugsanlega verulegum frávikum frá auglýstum eða áætluðum hámarkshraða við upphal og niðurhal, sem boðinn er innanlands, og hvernig slík frávik geta haft áhrif á reikiþjónustuna sem viðskiptavinurinn er áskrifandi að. Upplýsingarnar gætu einnig innihaldið augljósa og auðskiljanlega útskýringu á því hvernig magntakmarkanir, hraði, tiltækar kynslóðir neta og tækni og önnur gæði þjónustubátta kunni í raun að hafa áhrif á reikigagnþjónustuna, einkum notkun efnis, hugbúnaðar og þjónustu í reiki.
- 37) Viðskiptavinir reikiþjónustu og rekstraraðilar heimaneta stofna stundum óviljandi til hárra reikninga vegna skorts á gagnsæi varðandi númer, sem notuð eru fyrir virðisaukandi þjónustu í Sambandinu, og heildsöluverð, sem innheimt er fyrir virðisaukandi þjónustu, sbr. þó 97. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Samskipti við tiltekin númer sem eru notuð til að veita virðisaukandi þjónustu, t.d. gjaldnúmer, frínúmer eða kostnaðarskipt númer, eru háð sérstökum verðlagningar-skilyrðum í hverju landi fyrir sig. Þessi reglugerð ætti ekki að gilda um þann hluta gjaldskrárinnar sem er gjaldfærður fyrir veitingu virðisaukandi þjónustu heldur einungis um gjaldskrá fyrir tengingu við slíka þjónustu. Meginreglan um reiki samkvæmt heimagjaldskrá gæti skapað væntingar meðal viðskiptavina reikiþjónustu um að samskipti við slík númer í reiki ættu ekki að leiða til aukins kostnaðar samanborið við aðstæður á heimamarkaði. Þetta er þó ekki alltaf reyndin í tengslum við reiki. Viðskiptavinir reikiþjónustu standa frammi fyrir auknum kostnaði, jafnvel þegar þeir hringja í númer sem eru gjaldfrjáls þegar hringt er innanlands. Þetta gæti grafið undan trausti viðskiptavinar

<sup>(16)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/654 frá 18. desember 2020 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 með því að ákvarða eitt hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og eitt hámarksverð fyrir lúkningu fastlínusímtala í Sambandinu (Stjtið. ESB L 137, 22.4.2021, bls. 1).

að nota síma í reiki, haft í för með sér að viðskiptavinir fái óvænt miklu hærri reikninga en þeir bjuggust við (e. *bill shock*) og þannig haft neikvæð áhrif á raunverulega upplifun þeirra af reiki samkvæmt heimagjaldskrá. Á smásölustigi stafar þetta aðallega af ófullnægjandi gagnsæi að því er varðar hærri gjöld sem hægt er að stofna til vegna samskipta við númer sem eru notuð fyrir virðisaukandi þjónustu. Því ætti að innleiða ráðstafanir til að auka vitund um hættuna á háum reikningum og auka gagnsæi að því er varðar skilmála varðandi samskipti við númer fyrir virðisaukandi þjónustu. Í því skyni ætti að upplýsa viðskiptavinir reikiþjónustu í smásölusamningi, ásamt því að tilkynna þeim og gera þeim vart við tímanlega og á notendavænan hátt án endurgjalds, um að samskipti við númer fyrir virðisaukandi þjónustu í reiki geti haft í för með sér viðbótargjöld. Ef sá möguleiki er til staðar er heimilt að beita aðstöðunni til að afvirkja reikningagerð þriðju aðila, sem um getur í VI. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/1972, við reiknaðstæður.

- 38) Starfsemi heildsölumarkaða fyrir reiki ætti að gera rekstraraðilum kleift að endurheimta allan þann kostnað við að veita reikiþjónustu í heildsölu sem reglur eru settar um, þ.m.t. samtengdan og sameiginlegan kostnað. Í kostnaðarverðslíkaninu, sem stuðst var við í endurskoðunarferlinu, var tekið írasta tillit til fjárfestinga rekstraraðila til að veita reikiþjónustu á farnetum, s.s. kostnaðar við tíðniróf, kostnaðar við fjárfestingar í búnaði og innviðum, auk innviða sem rekstraraðilar hafa tekið í notkun og tækninnar sem gert er ráð fyrir að verði ráðandi fram að næstu endurskoðun. Endurskoðunin sem fyrirhuguð er 2025 mun byggjast á nýju kostnaðarverðslíkani þar sem ytrasta tillit er tekið til tækniþróunar sem orðið hefur á millibilstímabilinu. Þetta ætti að viðhalda hvötum til að fjárfesta í heimsóttum netum og koma í veg fyrir röskun á innanlandssamkeppni á heimsóttum mörkuðum af völdum eftirlitshögnunar rekstraraðila þar sem ráðstafanir varðandi heildsöluáðgang að reiki eru notaðar til að keppa á heimsóttum innanlandsmörkuðum.
- 39) Í ljósi markmiðanna með þessari reglugerð um að tryggja áframhaldandi samkeppni og vernd endanlegra notenda ætti í þessari reglugerð að setja þak á heildsöluverð á reiki sem endurspeglar þróun kostnaðar rekstraraðila við að veita reikiþjónustu í heildsölu. Kostnaðarverðslíkanið sem notað er í tengslum við endurskoðunarferlið, og sem um getur í mati á áhrifum, sem framkvæmt er í tengslum við þessa reglugerð sýnir að kostnaður rekstraraðila hefur farið stíglækkandi og heldur áfram að lækka. Að teknu tilliti til fyrirhugaðrar tímaáætlunar fyrir áætlaða endurskoðun á þaki á heildsöluverði á grundvelli skýrslanna tveggja, sem framkvæmdastjórnin á að leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. júní 2025 og 30. júní 2029, ættu hámarksheildsölugjöld að lækka í áföngum, að teknu tilliti til viðeigandi kostnaðaráætlana og líklegar markaðsþróunar á bilinu 2022–2027.
- 40) Áætlaður kostnaður við veitingu reikiþjónustu í heildsölu, þ.m.t. samtengdur og sameiginlegur kostnaður, hefur verið metinn á grundvelli ýmissa gagna. Gögnin byggðust m.a. á almennu kostnaðarverðslíkani fyrir reikiþjónustu í heildsölu sem notað var við endurskoðunarferlið þar sem metinn var kostnaður skilvirks rekstraraðila við að veita reikiþjónustu í heildsölu. Niðurstöður kostnaðarverðslíkansins gera kleift að greina kostnað fyrir hvert ár í hverju aðildarríki samkvæmt mismunandi sviðsmyndum og forsendum á þeim árum sem kostnaðaráætlunin tekur til. Gögn, sem rekstraraðilar lögðu fram, voru notuð í kostnaðarverðslíkanið og síðan staðfestu viðkomandi landsbundin stjórnvöld líkanið. Einnig var tekið tillit til árstíðabundinna sveiflna í aðildarríkjunum til að sýna fram á að þær höfðu áhrif á afkastagetu neta rekstraraðila. Meðan á þróun kostnaðarlíkansins stóð var haft samráð við rekstraraðila, BEREC-hópin og landsbundin stjórnvöld. Við kostnaðarmatið var einnig byggt á núverandi heildsölureikigjöldum í Sambandinu og tillit tekið til fyrirséðrar útbreiðslu í framtíðinni á uppfærðri nettækni í samræmi við ábendingar sem bárust í álitum frá BEREC-hópnum.
- 41) Að því er varðar reglur um heildsölugjöld ætti að viðhalda eftirlitsskyldum á vettvangi Sambandsins þar sem ráðstafanir, sem gera reiki samkvæmt heimagjaldskrá mögulegt í Sambandinu, án þess að taka tillit til heildsölukostnaðar í tengslum við að veita reikiþjónustu í heildsölu, gætu orðið til þess að raska innri markaðnum með reikiþjónustu og myndu ekki hvetja til meiri samkeppni. Heildsölugjöld á viðeigandi stigi ættu að greiða fyrir sjálfbærri samkeppni, þ.m.t. nýrra aðila, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sprotafyrirtækja.
- 42) Hámarksheildsölugjöld ættu að virka sem öryggismörk og tryggja að rekstraraðilar geti endurheimt kostnað sinn, þ.m.t. samtengdan og sameiginlegan kostnað. Þau ættu einnig að gera viðamikla sjálfbæra veitingu reikis samkvæmt heimagjaldskrá mögulega en skilja á sama tíma eftir svigrúm fyrir viðskiptaviðræður á milli rekstraraðila.

- 43) Sá háttur sumra rekstraraðila farneta að gera reikninga fyrir veitingu reikisímtala í heildsölu á grundvelli lágmarksgjaldtökutíma, sem nemur allt að 60 sekúndum, andstætt þeirri venju að rukka á sekúndu eins og tíðkast um önnur samtengingargjöld í heildsölu, raskar samkeppni milli þessara rekstraraðila og þeirra sem nota aðrar aðferðir við reikningagerð og grefur undan samræmdri beitingu hámarksheildsölugjaldanna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þar að auki felur þetta í sér viðbótargjald sem eykur heildsölukostnað og hefur þannig neikvæð áhrif á verðlagningu reikitalsímaþjónustu á smásölustigi. Því ætti að krefjast þess að rekstraraðilar farneta geri reikninga fyrir reikisímtöl, sem reglur eru settar um og eru veitt í heildsölu, á sekúndugrundvelli.
- 44) Til að tryggja að viðskiptavinir reikiþjónustu hafi stöðugan og skilvirkan aðgang að neyðarþjónustu án endurgjalds ættu heimsótt net ekki að leggja á veitendur reikiþjónustu heildsölugjöld sem tengjast neyðarfjarskiptum.
- 45) Til þess að auka gagnsæi smásöluverðs fyrir reikiþjónustu og til að auðvelda viðskiptavinum reikiþjónustu að taka ákvarðanir um notkun fartækja sinna þegar þeir eru í útlöndum ættu þeir sem veita farnetsþjónustu að veita viðskiptavinum reikiþjónustu, án endurgjalds, upplýsingar um reikigjöld sem eiga við um þá þegar þeir nota reikiþjónustu í aðildarríkinu sem heimsótt er. Þar sem tilteknir hópar viðskiptavina gætu verið vel upplýstir um reikigjöld ættu veitendur reikiþjónustu að bjóða upp á þann möguleika að unnt sé að hafna auðveldlega þessum sjálfvirku skilaboðum. Að auki ættu viðskiptavinir reikiþjónustu að fá textaskilaboð með tengli sem veitir aðgang án endurgjalds að vefsíðu sem veitandi reikiþjónustunnar hefur stofnað þar sem hann veitir ítarlegar upplýsingar um þær tegundir þjónustu, þ.e. símtöl og smáskilaboð, sem gætu haft í för með sér aukinn kostnað, sbr. þó 97. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Upplýsa ætti viðskiptavini reikiþjónustu ítarlega og með skýrum hætti um hvers konar gjöld sem gilda um frínúmer meðan á reiki stendur. Enn fremur ættu veitendur reikiþjónustu með virkum hætti að gefa viðskiptavinum sínum, að því tilskildu að hinir síðarnefndu séu staddir í Sambandinu, óski þeir þess og að kostnaðarlausu, viðbótarupplýsingar um mínútagjöld eða gjöld fyrir hver smáskilaboð eða hvert megabæti af gögnum, þ.m.t. virðisaukaskattur, þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum og einnig fyrir að senda og taka á móti smáskilaboðum, myndskilaboðum og vegna annarrar gagnafjarskiptaþjónustu í aðildarríkinu sem heimsótt er.
- 46) Viðskiptavinur reikiþjónustu getur tengst almennu ójarðbundnu farneti, s.s. um borð í skipum (MCV-þjónusta), eins og skilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/166/ESB <sup>(17)</sup>, eða um borð í loftförum (MCA-þjónusta), eins og skilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/294/EB <sup>(18)</sup>, sem er veitt fyrir tilstuðlan annars konar þráðlausra neta en jarðbundinna neta með sérstökum búnaði sem er uppsettur um borð. Slík þjónusta er oft aðgengileg á alþjóðlegum hafsvæðum eða um borð í loftförum. Gjöld sem viðskiptavinir reikiþjónustu stofna til þegar þeir tengjast ójarðbundnum netum, viljandi eða fyrir slysi, eru umtalsvert hærri en gjaldskrár fyrir reikiþjónustu sem reglur eru settar um. Viðskiptavinir reikiþjónustu eru vanir því að njóta ávinnings af reiki samkvæmt heimagjaldskrá og notkun reikiþjónustu á innanlandsverði. Þar sem samræmd nálgun varðandi gagnsæi og verndarráðstafanir er ekki fyrir hendi fyrir tengingar við ójarðbundin net er meiri hætt á að viðskiptavinir reikiþjónustu fái óvænt miklu hærri reikninga en þeir bjuggust við. Því ætti að innleiða frekari gagnsæis- og verndarráðstafanir að því er varðar tengingar við ójarðbundin net, s.s. um borð í skipum og loftförum.

Veitendur reikiþjónustu ættu að gera allar raunhæfar ráðstafanir til að beita slíkum gagnsæis- og verndarráðstöfunum. Slíkar ráðstafanir gætu m.a. tekið til rekstrarráðstafana neta, fjárhagslegra takmarkana, fyrirkomulags til að hafna notkun, eða samsvarandi ráðstafana. Þær ættu einkum að fela í sér ráðstafanir til að tryggja að fullnægjandi upplýsingar séu veittar á skýran og auðskiljanlegan hátt til að gera viðskiptavinum reikiþjónustu kleift með virkum hætti að komast hjá reiki fyrir slysi. Veitendur reikiþjónustu, sem bjóða fyrirkomulag til að hafna notkun, ættu að upplýsa viðskiptavini reikiþjónustu um takmarkanir sem fylgja því að samþykkja tafarlaust notkun eða að endurvirkja þjónustuna, s.s. hættu á því að án tengingar þeirra við netið geti þeir ekki endurvirkjað tengingu við ójarðbundið net. Veitendur reikiþjónustu ættu að upplýsa viðskiptavini reikiþjónustu um möguleikann á því að hafna reiki handvirkt og tafarlaust í handbúnaði sínum, annaðhvort með stillingum eða með því að virkja flugham. Við skipulag og starfrækslu neta sinna ættu veitendur reikiþjónustu, að því marki sem mögulegt er, að miða að því að setja tengingar við jarðbundin net í forgang til að

<sup>(17)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/166/ESB frá 19. mars 2010 um samræmd skilyrði fyrir notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar til farsímafjarskipta um borð í skipum (MCV-þjónusta) í Evrópusambandinu (Stjútö. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 38).

<sup>(18)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/294/EB frá 7. apríl 2008 um samræmd skilyrði fyrir notkun tíðnirófsins til starfrækslu farsímafjarskiptaþjónustu í loftförum (MCA-þjónusta) í Bandalaginu (Stjútö. ESB L 98, 10.4.2008, bls. 19).

lágmarka hættuna á tengingu við ójarðbundin net fyrir slysi. Til þess að tryggja öfluga vernd fyrir viðskiptavinum reikipjónustu, þegar þeir tengjast almennum ójarðbundnum farnetum, ættu veitendur farnetsþjónustu að veita viðskiptavinum reikipjónustu upplýsingar um öll viðbótargjöld, sem gilda, með textaskilaboðum án endurgjalds í hvert skipti sem tengingu við slíkt net er komið á.

- 47) Í þessari reglugerð ætti, í tengslum við reikipjónustu í smásölu sem reglur eru settar um, að mæla fyrir um sértækar kröfur um gagnsæi sem eru lagaðar að tilteknum gjaldskrár- og magnskilyrðunum sem gilda í kjölfar afnáms aukagjalda á reiki í smásölu. Einkum ætti að kveða á um að viðskiptavinum reikipjónustu sé send tímanleg og notendavæn tilkynning, án endurgjalds, um viðeigandi viðmiðunarreglur um eðlilega notkun, þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun reikipjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð eða gagnaflutninga hefur verið notað að fullu, um hvers konar aukagjald og um heildarnotkun reikigagnþjónustu sem reglur eru settar um.
- 48) Viðskiptavinir sem búa á landamærasvæðum ættu ekki fá óþarflega háa reikninga vegna reikis fyrir slysi. Veitendur reikipjónustu ættu því að gera allar þær ráðstafanir sem raunhæfar teljast til að lágmarka hættuna á reiki fyrir slysi og verja viðskiptavinum gegn því að stofna til reikigjalda þegar þeir eru staddir í sínu aðildarríki. Slíkar ráðstafanir ættu að fela í sér fjárhagslegar takmarkanir, fyrirkomulag til að hafna reiki á neti utan Sambandsins ef það er tæknilega gerlegt, eða sambærilegar ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir ættu einkum að fela í sér fullnægjandi miðlun upplýsinga á skýran og auðskiljanlegan hátt til að gera viðskiptavinum reikipjónustu kleift með virkum hætti að komast hjá reiki fyrir slysi. Landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á því að standa vörð um og stuðla að hagsmunum viðskiptavina sem búa að öllu jöfnu á yfirráðasvæði þeirra ættu að vera á varðbergi gagnvart aðstæðum þar sem viðskiptavinir lenda í vandræðum með að greiða reikigjöld jafnvel þótt þeir séu staddir í eigin aðildarríki, og ættu þau að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr vandanum.
- 49) Enn fremur ætti að mæla fyrir um ráðstafanir til að auka gagnsæi að því er varðar smásölugjöld á reikigagnþjónustu, þ.m.t. við að tengjast ójarðbundnum almennum farnetum, einkum í því skyni að koma í veg fyrir að viðskiptavinir fái óvænt miklu hærri reikninga en þeir bjuggust við, sem stendur snurðulausri starfsemi innri markaðarins fyrir þrífum, og að veita viðskiptavinum reikipjónustu þau tæki sem þeir þarfnast til að fylgjast með og stjórna útgjöldum sínum til reikigagnþjónustu. Að sama skapi ætti ekkert að standa í vegi fyrir tilkomu forrita eða tækni sem getur komið í stað reikipjónustu eða myndað annan valkost við hana, þ.m.t., en ekki takmarkað við, þráðlausan netaðgang (WiFi).
- 50) Til að komast hjá því að viðskiptavinir fái óvænt miklu hærri reikninga en þeir bjuggust við ættu veitendur reikipjónustu einnig að ákvarða eitt eða fleiri hámark hvað varðar fjárhæðir eða magn fyrir öll útistandandi gjöld af reikigagnþjónustu, gefið upp í þeim gjaldmiðli sem reikningur viðskiptavinar reikipjónustu er gerður, og kynna þau öllum viðskiptavinum reikipjónustu sinnar án endurgjalds, ásamt því að senda viðeigandi tilkynningu, á sniði sem hægt er að skoða aftur síðar, þegar þetta hámark nálgast. Þegar hámarkinu hefur verið náð skulu viðskiptavinir hvorki fá þessa þjónustu lengur né vera rukkaðir fyrir hana nema þeir óski sérstaklega eftir að halda áfram að fá þessa þjónustu í samræmi við skilmála og skilyrði sem sett eru fram í tilkynningunni. Í því tilviki ættu þeir að fá staðfestingu án endurgjalds, á sniði sem hægt er að skoða aftur síðar. Viðskiptavinir reikipjónustu ættu að fá tækifæri til að hafna þessum hámarkum á fjárhæðir eða magn innan hæfilegs tíma, eða velja að hafa ekki slíkt hámark. Viðskiptavinir ættu sjálfkrafa að falla undir hámarkskerfi nema þeir taki annað fram.
- 51) Líta ber á þessar gagnsæisráðstafanir sem lágmarksvernd fyrir viðskiptavinum reikipjónustu og þær ættu ekki að koma í veg fyrir að veitendur reikipjónustu bjóði viðskiptavinum sínum ýmsar aðrar leiðir til að sjá fyrir og stjórna útgjöldum sínum vegna reikigagnþjónustu.
- 52) Viðskiptavinir með fyrirframgreidda gjaldskrá geta einnig orðið fyrir því að fá óvænt miklu hærri reikninga en þeir bjuggust við vegna notkunar á reikigagnþjónustu. Af þeim sökum ættu ákvæði um lokunarmörk einnig að gilda um þá viðskiptavini.
- 53) Neytendur greina ekki alltaf á milli aðgangs að rafrænni fjarskiptaþjónustu í reiki, þ.e. þegar endanlegir notendur fá aðgang að slíkri þjónustu í heimsóttum aðildarríkjum, og fjarskipta milli ESB-ríkja, þ.e. þegar neytendur sem eru staddir í heimaaðildarríki sínu hringja eða senda smáskilaboð til annars aðildarríkis. Jafnvel þótt reiki og fjarskipti milli ESB-ríkja séu tveir sérstakir og aðgreindir markaðir er hægt að finna ákveðnar hliðstæður meðal þeirra út frá sjónarhorni

neytenda. Frá og með 15. maí 2019 má smásöluverð, fyrir utan virðisaukaskatt, sem neytendur þurfa að greiða fyrir fjarskipti á milli ESB-ríkja, sem reglur eru settar um, ekki fara yfir 0,19 evrur á mínútu fyrir símtal og 0,06 evrur fyrir hver smáskilaboð. Með rýmkun ráðstafana um reiki samkvæmt heimagjaldskrá, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, þar sem unnið er gegn hættunni á því að dregið verði úr samskiptum yfir landamæri og sem gerir kleift að koma á innri markaði ætti að teljast viðeigandi að skoða þróun markaðarins fyrir fjarskipti milli ESB-ríkja. Í því skyni ætti að meta gildandi ráðstafanir í ljósi beitingar tilskipunar (ESB) 2018/1972, einkum reglurnar um fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga og innleiðingu eins hámarksverðs fyrir lúkningu símtala í öllu Sambandinu sem er þáttur í kostnaðarsamsetningu fjarskipta milli ESB-ríkja. Framkvæmdastjórnin ætti, með stuðningi BEREC-hópsins, að meta áhrif fyrirbyggjandi ráðstafana, sem innleiddar eru með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 <sup>(19)</sup>, og ákvarða hvort og að hvaða marki það sé viðvarandi þörf á að lækka verðþakið til að vernda neytendur. Það mat ætti að fara fram a.m.k. einu ári áður en þessar ráðstafanir falla úr gildi 14. maí 2024.

- 54) Það er umtalsvert misræmi á milli reikigjalda, sem reglur eru settar um, innan Sambandsins og reikigjalda sem viðskiptavinir stofna til þegar þeir ferðast utan Sambandsins en þau eru umtalsvert hærri en verð innan Sambandsins þar sem aukagjöldum á reiki er aðeins beitt í sérstökum undantekningartilvikum í kjölfar afnáms reikigjalda í smásölu. Þar sem samræmd nálgun á gagnsæi og verndarráðstöfunum varðandi reiki utan Sambandsins er ekki fyrir hendi eru neytendur ekki öruggir um réttindi sín sem hamlar því oft að þeir noti farnetsþjónustu erlendis. Gagnsæjar upplýsingar, sem veittar eru neytendum, gætu ekki aðeins hjálpað þeim að ákveða hvernig eigi að nota fartæki á ferðalögum erlendis (bæði innan og utan Sambandsins) heldur einnig við að velja á milli veitenda reikiþjónustu. Því er nauðsynlegt að bregðast við vandamálinu um skort á gagnsæi og neytendavernd með því að beita tilteknum gagnsæis- og verndarráðstöfunum einnig á reikiþjónustu sem veitt er utan Sambandsins. Þær ráðstafanir ættu að auðvelda samkeppni og bæta starfsemi innri markaðarins.
- 55) Borgarar Sambandsins standa frammi fyrir háum reikigjöldum þegar þeir nota reikiþjónustu í smásölu í þriðju löndum. Því ætti að hvetja til framtaksverkefna sem miða að því að lækka reikigjöld fyrir reikiþjónustu milli Sambandsins og þriðju landa með gagnkvæmu samkomulagi. Endanlegir notendur á ytri landamærasvæðum Sambandsins myndu einkum hafa mikinn ávinning af lægri reikigjöldum í aðliggjandi þriðju löndum.
- 56) Ef rekstraraðili heimsóttar netsins í heimsóttu þriðja landi heimilar ekki veitanda reikiþjónustu að fylgjast með notkun viðskiptavinarins í rauntíma ætti veitanda reikiþjónustunnar ekki að vera skylt að bjóða upp á hámarksverð á fjárhæðir eða magn til verndar viðskiptavinum.
- 57) Veitendur reikiþjónustu ættu að upplýsa viðskiptavini reikiþjónustu um möguleikann á því að fá aðgang að neyðarþjónustu án endurgjalds með því að hringja í samevrópska neyðarnúmerið „112“ og ættu þeir að upplýsa viðskiptavini reikiþjónustu um aðrar aðgangsléiðir í gegnum neyðarfjarskipti sem er tæknilega mögulegt fyrir viðskiptavini reikiþjónustu að nota, einkum viðskiptavini reikiþjónustu með fötlun. Aðrar aðgangsléiðir í gegnum neyðarfjarskipti gera viðskiptavinum reikiþjónustu, einkum viðskiptavinum reikiþjónustu með fötlun, kleift að fá aðgang að neyðarþjónustu eftir öðrum leiðum en með símtölum. Til dæmis er hægt að tryggja annars konar aðgang með neyðarsmáforritum, skilaboðum, textasímaþjónustu, rauntímatekta eða heildarsamtali sem komið er í framkvæmd skv. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2019/882. Veita ætti upplýsingarnar um aðgangsléiðina með smáskilaboðum sem upplýsa viðskiptavin reikiþjónustu um möguleikann á því að fá aðgang að neyðarþjónustu án endurgjalds með því að hringja í samevrópska neyðarnúmerið „112“ sem felur í sér tengil á sérstaka vefsíðu sem hægt er að komast inn á án endurgjalds og sem uppfyllir kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 <sup>(20)</sup> þar sem lýst er á auðskilinn hátt öðrum aðgangsléiðum að neyðarþjónustu í heimsóttar aðildarríkinu og einungis sýndar þær aðgangsléiðir sem er tæknilega mögulegt fyrir viðskiptavini reikiþjónustu að nota. Sérstaka vefsíðan ætti að innihalda upplýsingar á tungumálinu sem veitandi reikiþjónustunnar notar í samskiptum við viðskiptavin reikiþjónustunnar.

<sup>(19)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hóp efirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009 (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 1).

<sup>(20)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki (Stjtið. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1).

- 58) Samkvæmt 110. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 er þess krafist að aðildarríkin tryggi að opinber viðvörðunarkerfi þeirra sendi opinberar viðvaranir til hlutaðeigandi endanlegra notenda, þ.e. endanlegra notenda sem eru staðsettir á landsvæðum þar sem hugsanlega er yfirvofandi eða yfirstandandi meiri háttar neyðarástand og hamfarir meðan á viðvörðunartímabilinu stendur, þ.m.t. til endanlegra notenda reikijónustu. Tækni sem nú er aðgengileg gerir landsyfirvöldum kleift að senda opinberar viðvaranir til viðkomandi viðskiptavina reikijónustu án þess að viðskiptavinirnir þurfi að grípa fyrir fram til aðgerða, eins og að hala niður forriti. Í sumum aðildarríkjum eru þó notuð smáforrit fyrir fartæki fyrir opinberar viðvaranir sem gera kleift að senda alhliða upplýsingar til endanlegra notenda, stundum til viðbótar við áður nefnda tækni. Í aðildarríkjum þar sem tengill til að nota slík landsbundin smáforrit fyrir fartæki fyrir opinberar viðvaranir er í gagnagrunni um aðgangsléiðir að neyðarþjónustu, sem er skyldubundin í hverju aðildarríki og komið á samkvæmt þessari reglugerð, ættu veitendur reikijónustu að upplýsa viðskiptavini reikijónustu um tengilinn til að nota það smáforrit. Upplýsingarnar ætti að veita á því tungumáli sem veitandi reikijónustunnar notar í samskiptum við viðskiptavin reikijónustunnar. Með vísan í inngangsorð tilskipunar (ESB) 2018/1972 mun framkvæmdastjórnin meta möguleikana á því að gera viðkomandi viðskiptavinum reikijónustu kleift að taka á móti opinberum viðvörðunum sem lögbær landsyfirvöld gefa út, þ.m.t. í gegnum smáforrit fyrir fartæki þegar þeir ferðast innan Sambandsins, í gegnum opinbert viðvörðunarkerfi sem nær til alls Sambandsins og kemur til viðbótar við landsbundin opinber viðvörðunarkerfi.
- 59) Númeraraðir, þ.m.t. þær sem notaðar eru fyrir virðisaukandi þjónustu, eru settar fram í númeraskipulagi á landsvísu og eru ekki samræmdar á vettvangi Sambandsins. Rekstraraðilar geta því hugsanlega ekki fyrir fram borið kennsl á númeraraðir fyrir virðisaukandi þjónustu í öllum löndum. Númeraraðir, sem notaðar eru fyrir virðisaukandi þjónustu, eru háðar sérstökum verðlagsskilyrðum í hverju landi fyrir sig og í mörgum tilvikum hafa ekki verið settar reglur um lúkningarverð þeirra. Jafnvel þótt veitendum reikijónustu sé þetta ljóst geta heildsölugjöldin, sem þeir stofna til, samt verið hærri en þeir bjuggust við. Rekstraraðilar geta ekki brugðist við þessu vandamáli við reikiaðstæður vegna þess að þá skortir upplýsingar um númeraraðir sem notaðar eru fyrir virðisaukandi þjónustu í gervöllu Sambandinu. Til að bregðast við þessu vandamáli ætti BEREC-hópurinn að koma á og viðhalda einum öruggum gagnagrunni fyrir allt Sambandið um númeraraðir fyrir virðisaukandi þjónustu. Gagnagrunninn er ætlað að auka gagnsæi og gera landsbundnum stjórnvöldum og, eftir atvikum, öðrum lögbærum yfirvöldum sem og rekstraraðilum kleift að hafa beinan aðgang að upplýsingum um hvaða númeraraðir geti haft í för með sér aukinn kostnað (lúkningarverð) í öllum aðildarríkjum. Hann er nauðsynlegt millistig til að auka gagnsæi á smásölustigi þar sem hægt er að nota hann til að upplýsa viðskiptavini reikijónustu um þær tegundir þjónustu þar sem mögulega bætast við aukagjöld á reiki. Í því skyni að tryggja betri neytendavernd og gagnsæi ætti að vera mögulegt að gagnagrunnurinn innihaldi viðbótarupplýsingar, t.d. um gjaldskrár sem tengjast númeraröðum fyrir virðisaukandi þjónustu, s.s. gjaldskrár fyrir hverja mínútu eða hverja aðgerð. Hægt væri að gera slíkar gjaldskrárupplýsingar aðgengilegar á sérstöku vefsíðunni þar sem finna má upplýsingar um virðisaukandi þjónustu. BEREC-hópurinn ætti að setja verklagsreglur um hvernig lögbær yfirvöld eigi að veita og uppfæra upplýsingarnar í gagnagrunninn um númeraraðir fyrir virðisaukandi þjónustu sem komið er á samkvæmt þessari reglugerð.
- 60) BEREC-hópurinn skal koma á og viðhalda einum sameiginlegum gagnagrunni fyrir allt Sambandið um aðgangsléiðir að neyðarþjónustu, sem er skyldubundin í hverju aðildarríki og sem er tæknilega gerlegt fyrir endanlegra notendur reikijónustu að nota. Gagnagrunninn er ætlað að halda landsbundnum rekstraraðilum, landsbundnum stjórnvöldum og, eftir atvikum, öðrum lögbærum yfirvöldum upplýstum um allar þær aðgangsléiðir að neyðarþjónustu sem eru notaðar í Sambandinu. Aðildarríkin ættu að geta uppfært gagnagrunninn með tenglinum í landsbundna smáforritið fyrir fartæki fyrir opinberar viðvaranir ef við á. BEREC-hópurinn ætti að setja verklagsreglur um hvernig lögbær yfirvöld eiga að veita og uppfæra upplýsingarnar sem óskað er eftir samkvæmt þessari reglugerð.
- 61) Ef aðildarríki fela lögbærum yfirvöldum öðrum en landsbundnum stjórnvöldum ýmis verkefni sem varða vernd endanlegra notenda, t.d. varðandi kröfur um upplýsingar í tengslum við smásölusamninga, gagnsæi eða uppsögn samninga, ná valdheimildir þeirra lögbæru yfirvalda varðandi þau verkefni til allra hluta smásölusamningsins, þ.m.t. réttinda og skyldna sem tengjast reiki. Með fyrirvara um úthlutun verkefna samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/1972 ættu landsbundin stjórnvöld og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd verkefna samkvæmt þeirri tilskipun, að hafa þær heimildir sem þarf til að vakta, hafa eftirlit með og framfylgja skyldum samkvæmt þessari reglugerð á yfirráðasvæði sínu. Þau ættu einnig að vakta þróun verðlagningar reikijónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga meðal viðskiptavina reikijónustu innan Sambandsins, þ.m.t., ef við á, tiltekinn kostnaður sem tengist því að hringja eða taka á móti reikisímtölum á ystu svæðum Sambandsins og þörfin á að tryggja að unnt sé að endurheimta þennan kostnað svo viðunandi sé á heildsölumarkaðnum ásamt því og að ekki séu notaðar umferðarstyringaraðferðir til að takmarka val þannig að viðskiptavinirnir hljóti skaða af. Þau ættu að tryggja að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar séu gerðar aðgengilegar hagsmunaaðilum og að niðurstöður slíkrar vöktunar séu birtar. Veita ætti upplýsingar sérstaklega fyrir fyrirtækjaviðskiptavini, viðskiptavini sem greiða eftir á og viðskiptavini sem greiða fyrir fram.

- 62) Reiki innanlands á ystu svæðum Sambandsins, þar sem farsímaleyfi eru aðgreind frá þeim sem eru gefin út annars staðar á yfirráðasvæði þess lands, gæti notið góðs af lækkun á gjaldi til jafns við það sem tíðkast á innri markaðnum fyrir reikipjónustu. Framkvæmd þessarar reglugerðar ætti ekki að leiða til verðlagningar sem er óhagstæðari fyrir viðskiptavinum sem nota innanlandsreikipjónustu miðað við viðskiptavinum sem nota reikipjónustu innan Sambandsins. Í þessu skyni geta landsyfirvöld gert viðbótarráðstafanir í samræmi við lög Sambandsins.
- 63) Landsbundin stjórnvöld ættu að eiga rétt á að krefjast upplýsinga um heildsölusamninga um reiki sem kveða ekki á um beitingu hámarksgjalda fyrir reikipjónustu í heildsölu, en tryggja um leið viðskiptaleynd, og til að vakta og hafa umsjón með beitingu þessarar reglugerðar og þróun á heildsölumörkuðum fyrir reiki. Þessum yfirvöldum ætti einnig að vera heimilt að krefjast upplýsinga um samþykkt og beitingu skilyrða í heildsölusamningum um reiki sem miða að því að koma í veg fyrir varanlegt reiki og um óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluáðgangi að reiki í öðrum tilgangi en að veita reikipjónustu, sem reglur eru settar um, til viðskiptavina veitenda reikipjónustu sem ferðast innan Sambandsins.
- 64) Ef þeim sem veita farnetspjónustu í Sambandinu þykir ávinningi af samvirkni og tengingu enda á milli fyrir viðskiptavinum sína teft í tvísýnu með uppsögn eða hættu á uppsögn á reikitolhögum við rekstraraðila farneta í öðru aðildarríki eða ef þeir eru ófærir um að veita viðskiptavinum sínum þjónustu í öðru aðildarríki vegna þess að ekki er til samningur við a.m.k. einn rekstraraðila heildsöluneta ættu landsbundin stjórnvöld eða önnur lögbær yfirvöld, við aðstæðurnar sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 61. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, að nota, ef þörf krefur, valdheimildir sínar, skv. 61. gr. þeirrar tilskipunar, til að sjá til þess að aðgangur og samtenging sé viðunandi, að teknu tilliti til markmiðanna sem sett eru fram í 3. gr. þeirrar tilskipunar, einkum þróunar innri markaðarins með því að leggja áherslu á veitingu, tiltækileika og samvirkni samevrópskrar þjónustu ásamt tengingar enda á milli.
- 65) Sérstæka verðstýringin, sem gildir um reikipjónustu í heildsölu, hefur í för með sér að heildarþak gildir í Sambandinu fyrir samsettar vörur sem kunna einnig að innihalda önnur aðföng fyrir heildsöluáðgang að reiki og tengingaraðföng, þ.m.t. einkum þau sem falla undir landsbundnar reglur eða hugsanlega reglur sem ná yfir landamæri. Að því er þetta varðar er búist við að mismunur í reglusetningu í Sambandinu um þessi aðföng fari minnkandi, einkum vegna frekari ráðstafana sem gerðar eru í samræmi við tilskipun (ESB) 2018/1972 og miða að því að tryggja aukið samræmi í stjórnsýslunálgun. Í millitíðinni ætti að fjalla um hvers konar deilumál milli rekstraraðila heimsótttra neta og annarra rekstraraðila um gjöld sem lögð eru á aðföng, sem reglur eru settar um, og nauðsynleg eru til að veita reikipjónustu í heildsölu, með tilliti til álits BEREK-hópsins, ef samráð var haft við hann, í samræmi við sérstækar lagalegar skuldbindingar sem gilda um reiki og við tilskipun (ESB) 2018/1972.
- 66) Nauðsynlegt er að vakta og endurskoða reglulega starfsemi heildsölumarkaða fyrir reiki og innbyrðis tengsl þeirra við smásölumarkaðina fyrir reiki, að teknu tilliti til samkeppnis- og tæknipróunar og umferðarflæðis. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja tvær skýrslur fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á. Í þeim tveim skýrslum ætti framkvæmdastjórnin einkum að meta hvort reiki samkvæmt heimagjaldskrá hafi áhrif á þróun gjaldskráa sem eru í boði á smásölumarkaðnum. Þetta ætti annars vegar að taka til mats á öllum gjaldskráum sem koma fram sem einungis fela í sér innlenda þjónustu og undanskilja með öllu reikipjónustu í smásölu og grafa þannig undan sjálfu markmiðinu með reiki samkvæmt heimagjaldskrá og hins vegar til mats á því hvort það dragi úr framboði á föstum gjaldskráum sem gæti einnig falið í sér tap fyrir neytendur og grafið undan markmiðum stafræna innri markaðarins.

Í skýrslum framkvæmdastjórnarinnar ætti einkum að vera greining á því að hvaða marki landsbundin stjórnvöld hafa leyft sérstök aukagjöld á reiki í smásölu, á getu rekstraraðila heimaneta til að viðhalda innlendum verðlíkönum og getu rekstraraðila heimsótttra neta til að endurheimta kostnað sem raunverulega fellur til við að veita reikipjónustu í heildsölu sem reglur eru settar um. Til viðbótar ætti með skýrslum framkvæmdastjórnarinnar að meta hvernig aðgangur að mismunandi kynslóðum neta og tækni er tryggður á heildsölustigi að því er varðar upplýsingar um heildsöluverðlagningu á gagnþjónustu, umfang notkunar viðskiptavettvanga og svipaðra úrræða til að stunda viðskipti með heildsölumferð, þróun reikis milli véla, viðvarandi vandamál á smásölustigi í tengslum við virðisaukandi þjónustu, beitingu ráðstafana um neyðarfjarskipti, gagnsæisráðstafanir um reiki í þriðju löndum og á ójarðbundnum almennum farnetum sem miða að því að koma í veg fyrir reiki fyrir slysi, skilvirkni skuldbindinga um þjónustugæði

sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og að hvaða marki viðskiptavinir eru upplýstir á tilhlýðilegan hátt í smásölusamningum sínum um þær skuldbindingar og hvernig þeir geti notið góðs af raunverulegri upplifun af reiki samkvæmt heimagjaldskrá. Enn fremur ætti með skýrslum framkvæmdastjórnarinnar að meta hvaða áhrif útbreiðsla og innleiðing nýrrar tækni, sem og heimsfaraldrar og náttúruhamfarir, hafa á reikimarkaðinn. Til þess að gera slíka skýrslugjöf mögulega, með það í huga að meta hvernig reikimarkaðir munu aðlagast reglum um reiki samkvæmt heimagjaldskrá, ætti að safna nægum gögnum um starfsemi þeirra markaða eftir framkvæmd þeirra reglna.

- 67) Til þess að meta samkeppnisþróun á reikimörkuðum innan Sambandsins og til þess að gefa reglulega skýrslu um breytingar á raunverulegum heildsölureikigjöldum á ójafna umferð milli veitenda reikipjónustu ætti BEREC-hópurinn að halda áfram að safna gögnum frá landsbundnum stjórnvöldum. Landsbundin stjórnvöld ættu, eftir atvikum, að geta átt samstarf við önnur lögbær yfirvöld. Slík gögn ættu að innihalda raunveruleg gjöld sem annars vegar eru lögð á jafna umferð og hins vegar ójafna umferð, ásamt raunverulegu umferðarmagni fyrir viðkomandi reikipjónustu. Söfnun gagna sem gerir kleift að vakta og meta áhrif breytinga á ferðahegðun og neyslumynstri, s.s. breytingar af völdum heimsfaraldrar, er nauðsynleg fyrir þá greiningu sem krafist er í skýrslunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð. BEREC-hópurinn ætti einnig að safna gögnum um tilvik þar sem aðilar að heildsölusamningi um reiki hafa kosið að beita ekki hámarksgjöldum fyrir reikipjónustu í heildsölu eða komið til framkvæmda ráðstöfunum á heildsölustigi sem miða að því að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki í öðrum tilgangi en að veita reikipjónustu, sem reglur eru settar um, til viðskiptavina veitenda reikipjónustu á meðan hinir fyrrnefndu ferðast reglulega innan Sambandsins. BEREC-hópurinn ætti reglulega að gefa skýrslu á grundvelli gagnanna sem safnað er af nægilegri nákvæmni um tengslin milli smásöluverðs, heildsölugjalda og heildsölukostnaðar fyrir reikipjónustu. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2027, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, sem byggist reglulegum skýrslum frá BEREC-hópnum, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á. BEREC-hópurinn ætti einnig að safna nauðsynlegum gögnum til að gera kleift að vakta þættina sem framkvæmdastjórnin á að meta í skýrslunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 68) Þegar til meðallangs tíma er litið ætti að viðurkenna að auðveldun reikis milli véla og hlutanetsreikis virkar sem mikilvægur drifkraftur fyrir stafvæðingu atvinnulífsins í Sambandinu og ætti að byggjast á tengdum stefnumálum Sambandsins, t.d. á sviði heilbrigðis-, orku-, umhverfis- og flutningamála. Framkvæmdastjórnin ætti reglulega að meta hlutverk reikis á markaðnum fyrir tengingu milli véla og á hlutanetsmarkaðnum (e. *IoT market*). Ef við á ætti framkvæmdastjórnin einnig að leggja fram tilmæli að höfðu samráði við BEREC-hópinn. BEREC-hópurinn ætti einnig að safna nauðsynlegum gögnum til að gera kleift að vakta þættina sem meta á í skýrslum framkvæmdastjórnarinnar um þróun reikis milli véla og hlutanetstækja, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að teknu tilliti til fartengilausna sem byggjast á opnu tíðnirófi.
- 69) Framkvæmdastjórnin, BEREC-hópurinn, landsbundin stjórnvöld, og eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld, sem hlut eiga að máli, ættu að tryggja fulla viðskiptaleynd þegar þau deila upplýsingum vegna endurskoðunar, vöktunar og umsjónar með beitingu þessarar reglugerðar. Uppfylling krafna um viðskiptaleynd ætti því ekki að koma í veg fyrir að landsbundin stjórnvöld geti tímanlega deilt trúnaðarupplýsingum í slíkum tilgangi.
- 70) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að kveða á um sameiginlega nálgun til að tryggja að notendur almennra farneta greiði ekki óhóflegt verð fyrir reikipjónustu innan Sambandsins í samanburði við samkeppnishæf verð í hverju ríki fyrir sig, og að auka gagnsæi og neytendavernd ásamt því að tryggja sjálfbærni í veitingu reikipjónustu í smásölu á innlendu verði og raunverulega upplifun af reiki samkvæmt heimagjaldskrá að því er varðar þjónustugæði og aðgang að neyðarþjónustu í reiki, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.



- 71) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 72) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 <sup>(21)</sup> og skilaði hún álit 20. apríl 2021.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er kveðið á um sameiginlega aðferð til að tryggja að notendur almennra farneta á ferðalagi innan Sambandsins borgi ekki óhóflegt verð, í samanburði við samkeppnishæf, landsbundin verð, fyrir reikiþjónustu innan Sambandsins þegar þeir hringja og taka á móti símtölum, senda og taka á móti smáskilaboðum og nota pakkaskipta gagnaflutningsþjónustu.

Þessi reglugerð stuðlar þannig að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og nær um leið fram öflugri neytendavernd, persónuvernd, friðhelgi einkalífsins og trausti, eflir samkeppni, óhæði og gagnsæi á markaðnum og hvetur til nýsköpunar, neytendavals og aðlögunar fólks með fötlun jafnframt því að vera í fullu samræmi við sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

Í þessari reglugerð eru sett fram skilyrði fyrir heildsöluáðgangi að almennum farnetum í þeim tilgangi að veita reikiþjónustu sem reglur eru settar um. Hún tekur bæði til gjalda sem rekstraraðilar farneta leggja á í heildsölu og gjalda sem veitendur reikiþjónustu leggja á í smásölu.

2. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur sem miða að því að auka gagnsæi og bæta upplýsingamiðlun um gjöld til notenda reikiþjónustu, þ.m.t. notendur reikiþjónustu sem reglur hafa ekki verið settar um í þriðju löndum. Hún eykur einnig gagnsæi fyrir notendur reikiþjónustu, sem reglur hafa ekki verið settar um, þegar þeir tengjast ójarðbundnu almennu farneti, s.s. um borð í skipum eða loftförum, eftir atvikum.

3. Þau hámarksgjöld sem sett eru fram í þessari reglugerð eru gefin upp í evrum.

4. Ef hámarksgjöldin, skv. 8.–11. gr., eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum en evru skulu verðin ákvörðuð í þeim gjaldmiðlum með því að nota meðaltal viðmiðunargengisins sem Seðlabanki Evrópu birtir 15. janúar, 15. febrúar og 15. mars á viðkomandi almanaksári í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Að því er varðar hámarksgjöldin skal endurskoða mörkin í öðrum gjaldmiðlum en evru árlega frá og með 2023. Mörkin, sem eru endurskoðuð árlega í þeim gjaldmiðlum, skulu gilda frá og með 15. maí.

5. Þessi reglugerð er með fyrirvara um úthlutun verkefna til landsbundinna stjórnvalda og annarra lögbærra yfirvalda samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/1972, þ.m.t. ábyrgð á framkvæmd III. hluta III. bálks þeirrar tilskipunar.

#### 2. gr.

#### Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

<sup>(21)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjút. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

2. Til viðbótar við skilgreiningarnar, sem um getur í 1. mgr., er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „veitandi reikþjónustu“: fyrirtæki sem sér viðskiptavinum reikþjónustu fyrir reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um,
  - b) „sá sem veitir þjónustu innanlands“: fyrirtæki sem sér viðskiptavinum reikþjónustu fyrir innlendra farnetsþjónustu,
  - c) „heimanet“: almennt fjarskiptanet í aðildarríki sem veitandi reikþjónustu notar til að bjóða viðskiptavinum reikþjónustu þá reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um,
  - d) „heimsótt net“: almennt, jarðbundið farnet sem er staðsett í öðru aðildarríki en því þar sem veitandi reikþjónustu, sem veitir viðskiptavinum reikþjónustu innlendra þjónustu, er staðsettur sem heimilar viðskiptavinum reikþjónustu að hringja eða taka á móti símtölum, senda eða taka á móti smáskilaboðum eða nota pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu, með samkomulagi við rekstraraðila heimanetsins,
  - e) „reiki innan Sambandsins“: notkun viðskiptavinar reikþjónustu á fartæki til að hringja eða taka á móti símtölum innan Sambandsins, senda eða taka á móti smáskilaboðum innan Sambandsins eða nota pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu meðan sá viðskiptavinur er í öðru aðildarríki en því þar sem veitandi reikþjónustu, sem veitir honum innlendra þjónustu, er staðsettur, með samkomulagi milli rekstraraðila heimanetsins og rekstraraðila heimsóttá netsins,
  - f) „viðskiptavinur reikþjónustu“: viðskiptavinur veitanda reikþjónustu, sem reglur eru settar um, veitt með almennu jarðbundnu farneti sem staðsett er í Sambandinu, sem hefur gert smásölusamning eða -samkomulag við veitanda reikþjónustu sem heimilar reiki innan Sambandsins,
  - g) „reikisímtal sem reglur eru settar um“: símtal úr farsíma sem viðskiptavinur reikþjónustu hringir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu fjarskiptaneti innan Sambandsins eða símtal úr farsíma sem viðskiptavinur reikþjónustu móttækur frá almennu fjarskiptaneti innan Sambandsins og lýkur á heimsóttu neti,
  - h) „smáskilaboð“: stuttiskilaboð á textaformi, sem samin eru fyrst og fremst með bókstöfum eða tölustöfum, eða hvoru tveggja, sem hægt er að senda milli númera farsíma og/eða fastra síma, í samræmi við númeraskipulag hvers lands,
  - i) „reikismáskilaboð sem reglur eru settar um“: smáskilaboð sem viðskiptavinur reikþjónustu sendir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu fjarskiptaneti innan Sambandsins eða sem viðskiptavinur reikþjónustu móttækur frá almennu fjarskiptaneti innan Sambandsins og lýkur á heimsóttu neti,
  - j) „reikigagnaþjónusta sem reglur eru settar um“: reikþjónusta sem gerir viðskiptavinum reikþjónustu kleift að nota pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu með fartæki á meðan það er tengt heimsóttu neti, að undanskilinni sendingu eða móttöku reikisímtala eða smáskilaboða sem reglur eru settar um, en sem felur í sér sendingu og móttöku myndskilaboða,
  - k) „heildsöluaðgangur að reiki“: beinn heildsöluaðgangur að reiki eða heildsöluaðgangur að reiki til endursölu,
  - l) „beinn heildsöluaðgangur að reiki“: aðstaða eða þjónusta, eða hvort tveggja, sem rekstraraðili farnets gerir aðgengilega fyrir annað fyrirtæki, með skilgreindum skilyrðum, í þeim tilgangi að það fyrirtæki veiti viðskiptavinum reikþjónustu þá reikþjónustu sem reglur eru settar um,
  - m) „heildsöluaðgangur að reiki til endursölu“: þegar rekstraraðili farnets annar en rekstraraðili heimsóttá netsins veitir öðru fyrirtæki reikþjónustu í heildsölu í þeim tilgangi að það fyrirtæki veiti viðskiptavinum reikþjónustu þá reikþjónustu sem reglur eru settar um,
  - n) „innlent smásöluverð“: innlent smásölugjald á einingu sem veitandi reikþjónustu leggur á símtöl sem hringd eru og smáskilaboð sem send eru, með upphaf og lúkningu á mismunandi almennum fjarskiptanetum í sömu aðildarríki, og gögn sem viðskiptavinir nota.

Að því er varðar fyrstu undirgrein n-liðar, ef ekki er fyrir hendi neitt sérstakt innlent smásölugjald á einingu, skal innlent smásöluverð teljast ákvarðað samkvæmt sama gjaldtökukerfi og notað er fyrir símtöl sem viðskiptavinur hringir og smáskilaboð sem viðskiptavinur sendir, með upphaf og lúkningu á mismunandi almennum fjarskiptanetum í sama aðildarríki, og fyrir gögn sem notuð eru í aðildarríki viðskiptavinarins.

3. gr.

**Heildsöluaðgangur að reiki**

1. Rekstraraðilar farneta skulu verða við öllum réttmætum beiðnum um heildsöluaðgang að reiki, einkum þannig að það geri veitanda reikipjónustu kleift að endurgera farnetsþjónustu í smásölu sem boðin er innanlands þar sem það er tæknilega mögulegt á heimsóttá netinu.
2. Rekstraraðilum farneta er aðeins heimilt að hafna beiðnum um heildsöluaðgang að reiki á grundvelli hlutlægra viðmiðana, s.s. tæknilegs framkvæmanleika eða þarfar á að vernda heildstæði neta. Viðskiptalegar ástæður skulu ekki vera tilefni til að hafna beiðnum um heildsöluaðgang að reiki í því skyni að takmarka samkeppni í tengslum við veitingu reikipjónustu.
3. Heildsöluaðgangur að reiki skal ná yfir aðgang að öllum netþáttum og tengdri aðstöðu, viðkomandi þjónustu, hugbúnaði og upplýsingakerfum sem nauðsynleg eru til að veita viðskiptavininum reikipjónustu þá reikipjónustu sem reglur eru settar um, og skal hann fela í sér alla tiltæka nettækni og allar tiltækar kynslóðir neta.
4. Reglur um reikigjöld í heildsölu sem reglur eru settar um og mælt er fyrir um í 9., 10. og 11. gr. skulu gilda um aðgang að öllum þáttum heildsöluaðgangs að reiki, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, nema báðir aðilar að heildsölusamningi um reiki samþykki með ótvíráðum hætti að meðalheildsölugjald fyrir reikipjónustu sem leiðir af beitingu samningsins falli ekki undir hámarksgjaldið fyrir reikipjónustu í heildsölu, sem reglur eru settar um, á gildistíma samningsins.

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, ef um er að ræða heildsöluaðgang að reiki til endursölu, mega rekstraraðilar farneta innheimta sanngjarnt og réttmætt verð fyrir þætti sem falla ekki undir 3. mgr.

5. Rekstraraðilar farneta skulu birta viðmiðunartilboð, með tilliti til leiðbeininga BEREK-hópsins sem um getur í 8. mgr., og gera það aðgengilegt fyrirtækjum sem óska eftir heildsöluaðgangi að reiki. Rekstraraðilar farneta skulu leggja drög að heildsölusamningi um reiki fyrir fyrirtækið sem óskar eftir aðgangi, í samræmi við þessa grein, að því er varðar þennan aðgang eigi síðar en einum mánuði frá því að rekstraraðili farnetsins fékk beiðnina fyrst í hendur. Veita skal heildsöluaðgang að reiki innan hæfilegs tíma sem skal ekki vera lengri en þrír mánuðir frá því að heildsölusamningur um reiki var gerður. Rekstraraðilar farneta, sem taka við beiðni um heildsöluaðgang að reiki, og fyrirtæki, sem óska eftir aðgangi, skulu semja í góðri trú.
6. Viðmiðunartilboðið, sem um getur í 5. mgr., skal vera nægilega ítarlegt og innihalda alla þætti sem nauðsynlegir eru fyrir heildsöluaðgang að reiki, sem um getur 3. mgr., með lýsingu á tilboðum, sem eiga við um beinan heildsöluaðgang að reiki og heildsöluaðgang að reiki til endursölu, og tengdum skilmálum og skilyrðum. Viðmiðunartilboðið skal innihalda allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera veitanda reikipjónustu kleift að tryggja að viðskiptavinir hafi aðgang að neyðarþjónustu án endurgjalds í gegnum neyðarfjarskipti við þá neyðarsímsvörunarstöð sem hentar best og til að gera kleift að senda án endurgjalds upplýsingar um staðsetningu innhringjanda til þeirrar neyðarsímsvörunarstöðvar sem hentar best þegar reikipjónusta er notuð.

Þetta viðmiðunartilboð getur innihaldið skilyrði til að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki í öðrum tilgangi en að veita reikipjónustu, sem reglur eru settar um, til viðskiptavina veitanda reikipjónustu á meðan hinir fyrrnefndu ferðast reglulega innan Sambandsins. Ef þau eru tilgreind í viðmiðunartilboði skulu slík skilyrði fela í sér sértækar ráðstafanir sem rekstraraðili heimsóttá netsins getur gripið til í því skyni að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki, sem og hlutlægu viðmiðanirnar sem slíkar ráðstafanir eru grundvallaðar á. Slíkar viðmiðanir geta tekið til upplýsinga um heildarrekiumferð. Þær skulu ekki vísa til sértækra upplýsinga sem tengjast umferð einstakra viðskiptavina veitanda reikipjónustu.

Í viðmiðunartilboðinu er m.a. heimilt að kveða á um að ef rekstraraðili heimsóttá netsins hefur gildar ástæður til að ætla að verulegur hluti viðskiptavina veitanda reikiþjónustu stundi varanlegt reiki, eða óvanaleg notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki eigi sér stað, geti rekstraraðili heimsóttá netsins krafist þess að veitandi reikiþjónustu, með fyrirvara um kröfur Sambandsins og landsbundnar kröfur um persónuvernd, veiti upplýsingar sem gera kleift að ákvarða hvort verulegur hluti viðskiptavina veitanda reikiþjónustu sé í þeirri stöðu að stunda varanlegt reiki, eða hvort um óvanalega notkun eða misnotkun þeirra á heildsöluaðgangi að reiki á neti heimsóttá rekstraraðilans sé að ræða, s.s. upplýsingar um þann hluta viðskiptavina sem hætta er á að noti á óvanalegan hátt eða misnoti reikiþjónustu, sem reglur eru settar um, sem veitt er á gildandi innlendu smásöluverði og ákvarðað hefur verið á grundvelli hlutlægra vísa í samræmi við framkvæmdargerðirnar um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun sem samþykktar voru skv. 7. gr.

Í viðmiðunartilboðinu er heimilt, sem síðasta úrræði og þar sem mildari ráðstafanir hafa ekki dugað til að ráða bót á stöðunni, að kveða á um möguleikann á að segja upp heildsölusamningi um reiki ef rekstraraðili heimsóttá netsins hefur, á grundvelli hlutlægra viðmiðana, komist að raun um að verulegur hluti viðskiptavina veitanda reikiþjónustu stundi varanlegt reiki, eða óvanaleg notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki eigi sér stað, og upplýst rekstraraðila heimanetsins um það

Rekstraraðila heimsóttá netsins er einungis heimilt að segja einhliða upp heildsölusamningi um reiki af ástæðum er varða varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki, að fengnu fyrirframleyfi hjá landsbundnu stjórnvaldi rekstraraðila heimsóttá netsins.

Innan þriggja mánaða frá því að beiðnin um að segja upp heildsölusamningi um reiki berst frá rekstraraðila heimsóttá netsins skal landsbundið stjórnvald rekstraraðila heimsóttá netsins, að höfðu samráði við landsbundið stjórnvald rekstraraðila heimanetsins, ákveða hvort samþykkja eigi slíka heimild eða hafna henni og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Bæði landsbundnum stjórnvöldum rekstraraðila heimsóttá netsins og rekstraraðila heimanetsins er heimilt að óska eftir því að BEREC-hópurinn samþykki álit um þær aðgerðir sem grípa á til í samræmi við þessa reglugerð. BEREC-hópurinn skal samþykkja álit sitt innan eins mánaðar frá móttöku slíkrar beiðni.

Ef samráð hefur verið haft við BEREC-hópinn skal landsbundið stjórnvald rekstraraðila heimsóttá netsins bíða eftir og taka ítrasta tillit til álits BEREC-hópsins áður en það tekur ákvörðun um hvort veita eigi heimild eða hafna heimild um að segja upp heildsölusamningi um reiki, sbr. þó þriggja mánaða frestinn sem um getur í sjöttu undirgrein.

Landsbundið stjórnvald rekstraraðila heimsóttá netsins skal gera upplýsingar varðandi heimildir um að segja upp heildsölusamningum um reiki aðgengilegar almenningi, sbr. þó viðskiptaleynd.

Fimm til níunda undirgrein þessarar málsgreinar hafa hvorki áhrif á valdsvið landsbundna stjórnvaldsins til að krefjast þess að brot á skuldbindingum, sem settar eru fram í þessari reglugerð skv. 7. mgr. 17. gr., verði stöðvuð án tafar né á rétt rekstraraðila heimsóttá netsins til að beita fullnægjandi ráðstöfunum til að berjast gegn svikum.

Ef nauðsyn krefur skulu landsbundin stjórnvöld gera breytingar á viðmiðunartilboðum til að framfylgja skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í þessari grein, þ.m.t. að því er varðar sértækar ráðstafanir sem rekstraraðili heimsóttá netsins getur gripið til í því skyni að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki, og hlutlægar viðmiðanir sem rekstraraðili heimsóttá netsins getur notað til grundvallar því að grípa til slíkra ráðstafana.

7. Ef fyrirtækið sem óskar eftir aðgangi hefur hug á því að hefja viðskiptaviðræður til að taka með þætti sem falla ekki undir viðmiðunartilboðið skal rekstraraðili farnetsins svara slíkri beiðni innan hæfilegs tíma sem ekki er lengri en tveir mánuðir frá upphaflegri móttöku. Að því er varðar þessa málsgrein skulu 2. og 5. mgr. ekki gilda.

8. Eigi síðar en 5. október 2022, til að stuðla að samræmdri beitingu þessarar greinar, skal BEREC-hópurinn, að höfðu samráði við hagsmunaaðila og í náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina, uppfæra leiðbeiningar um heildsöluaðgang að reiki sem mælt er fyrir um í samræmi við 8. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012.

## 4. gr.

**Veiting reikipjónustu í smásölu sem reglur eru settar um**

1. Veitendur reikipjónustu skulu ekki leggja aukagjald, til viðbótar við innlenda smásöluverðið á viðskiptavini reikipjónustu í aðildarríki, á reikisímtöl sem reglur eru settar um og hringd eru eða tekið er á móti, á reikismáskilaboð sem reglur eru settar um og send eru eða á reikigagnapjónustu sem reglur eru settar um og notuð er, og ekki heldur almennt gjald til að gera kleift að nota endabúnaðinn eða þjónustuna erlendis, sbr. þó 5. og 6. gr.

2. Veitendur reikipjónustu skulu ekki bjóða reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, með skilyrðum sem eru ekki eins hagstæð og þau sem bjóðast innanlands, einkum með tilliti til þeirra þjónustugæða sem kveðið er á um í smásölu-samningnum, ef sama kynslóð farneta og -tækni er tiltæk á heimsóttá netinu.

Rekstraraðilar farneta skulu forðast óeðlilegar tafir á yfirfærslu milli neta á innri landamærum Sambandsins.

3. Til að stuðla að samræmdri beitingu þessarar greinar skal BEREK-hópurinn, eigi síðar en 1. janúar 2023, að höfðu samráði við hagsmunaaðila og í nánú samstarfi við framkvæmdastjórnina, uppfæra smásöluleiðbeiningar sínar um framkvæmd ráðstafana til að tryggja þjónustugæði.

## 5. gr.

**Eðlileg notkun**

1. Veitendur reikipjónustu geta, í samræmi við þessa grein og framkvæmdargerðirnar sem samþykktar eru skv. 7. gr. a, sett viðmiðunarreglur um eðlilega notkun í tengslum við notkun reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um og veitt er á viðeigandi innlendu smásöluverði, til að koma í veg fyrir óvanalega notkun eða misnotkun viðskiptavina reikipjónustu á reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, eins og notkun slíkrar þjónustu meðal viðskiptavina reikipjónustu í aðildarríki öðru en ríki innlenda þjónustuveitandans í öðrum tilgangi en vegna reglulegra ferðalaga.

Allar viðmiðunarreglur um eðlilega notkun skulu gera viðskiptavinum veitanda reikipjónustunnar kleift að nota tiltekið magn af reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, á viðeigandi innlendu smásöluverði sem samrýmist gjaldskrá þeirra beggja.

2. Ákvæði 8. gr. skulu gilda um reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun.

## 6. gr.

**Fyrirkomulag til að tryggja sjálfbærni**

1. Með það fyrir augum að tryggja að innlent verðlíkan sitt sé sjálfbært getur veitandi reikipjónustu, í sérstökum undantekningartilvikum, ef hann getur ekki endurheimt raunverulegan og áætlaðan heildarkostnað sinn við að veita reikipjónustu sem reglur eru settar um, í samræmi við 4. og 5. gr., með raunverulegum og áætluðum heildartekjum af veitingu slíkrar þjónustu, sótt um heimild til að leggja á aukagjald. Það aukagjald skal aðeins lagt á, eftir því sem þurfa þykir, til að endurheimta kostnað við að veita reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, með hliðsjón af viðeigandi hámarks-heildsölugjöldum.

2. Ákveði veitandi reikipjónustu að nýta sér 1. mgr. þessarar greinar skal hann án tafar leggja umsókn fyrir landsbundna stjórnvaldið og veita því allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 7. gr. Á 12 mánaða fresti þaðan í frá skal veitandi reikipjónustunnar uppfæra þær upplýsingar og leggja þær fyrir landsbundna stjórnvaldið.

3. Við móttöku umsóknar í samræmi við 2. mgr. skal landsbundna stjórnvaldið meta hvort veitandi reikipjónustunnar hafi sýnt fram á að hann geti ekki endurheimt kostnað sinn í samræmi við 1. mgr. sem hefur þær afleiðingar að grafið verði undan sjálfbærni innlenda verðlíkansins. Matið á sjálfbærni innlenda verðlíkansins skal vera byggt á viðeigandi hlutlægum þáttum sem eiga við veitanda reikipjónustunnar, þ.m.t. hlutlægum mismun á milli veitanda reikipjónustu í hlutaðeigandi aðildarríki og innlendu verðlagi og tekjum. Landsbundna stjórnvaldið skal heimila aukagjaldið þegar skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og þessari málsgrein, hafa verið uppfyllt.

4. Innan mánaðar frá móttöku umsóknarinnar skv. 2. mgr. skal landsbundna stjórnvaldið heimila aukagjaldið nema umsóknin sé augljóslega tilefnislaus eða veiti ófullnægjandi upplýsingar. Telji landsbundna stjórnvaldið að umsóknin sé augljóslega tilefnislaus, eða telji það að ófullnægjandi upplýsingar hafi verið veittar, skal það taka endanlega ákvörðun innan næstu tveggja mánaða um að heimila, breyta eða hafna aukagjaldinu eftir að hafa gefið veitanda reikipjónustunnar tækifæri til áheyrnar.

7. gr.

**Framkvæmd viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og fyrirkomulags til að tryggja sjálfbærni**

1. Til að tryggja samræmda beitingu 5. og 6. gr. skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við BEREK-hópinn, samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um eftirfarandi:

- a) beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun,
- b) aðferðafræðina við að meta sjálfbærni þess að veita reikipjónustu í smásölu á innanlandsverði og
- c) umsóknina sem veitandi reikipjónustu á að leggja fram vegna matsins sem um getur í b-lið.

Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknar-málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við BEREK-hópinn, endurskoða með reglulegu millibili framkvæmdargerðirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, í ljósi markaðsþróunar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, þegar hún samþykkir framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun, taka tillit til eftirfarandi:

- a) þróunar verðs og neyslumynsturs í aðildarríkjunum,
- b) hversu mikil samleitni er í innlendu verðlagi í Sambandinu,
- c) ferðamynsturs í Sambandinu,
- d) merkjanleggar hættu á röskun á samkeppni og hvötum til fjárfestinga á innlendum og heimsóttum mörkuðum.

3. Framkvæmdastjórnin skal láta framkvæmdargerðirnar, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr., byggjast á eftirfarandi:

- a) ákvörðun raunverulegs og áætlaðs heildarkostnaðar við að veita reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, með vísan til raunverulegra reikigjalda í heildsölu fyrir ójafna umferð og hæfilegs hluta í nauðsynlegum samtengdum og sameiginlegum kostnaði við að veita reikipjónustu í smásölu sem reglur eru settar um,
- b) ákvörðun raunverulegra og áætlaðra heildartekna af veitingu reikipjónustu í smásölu sem reglur eru settar um,
- c) notkun reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, og innlendri notkun viðskiptavina veitanda reikipjónustunnar,
- d) samkeppnisstigi, verði og tekjum á innanlandsmarkaði og merkjanlegri hættu á því að reiki á innlendu smásöluverði myndi hafa sýnileg áhrif á þróun slíks verðs.

4. Landsbundið stjórnvald og, ef við á, að því er varðar beitingu þeirra heimilda sem þeim eru faldar með landslögum til innleiðingar á tilskipun (ESB) 2018/1972, önnur lögbær yfirvöld skulu hafa strangt eftirlit og umsjón með beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun. Landsbundið stjórnvald skal hafa strangt eftirlit og umsjón með beitingu ráðstafana um sjálfbærni þess að veita reikipjónustu í smásölu á innanlandsverði, og taka fullt tillit til viðeigandi hlutlægra þátta, sem eiga við um hlutaðeigandi aðildarríki, og viðeigandi hlutlægs mismunar á milli veitanda reikipjónustu. Með fyrirvara um verklags-regluna, sem sett er fram í 3. mgr. 6. gr., skal landsbundna stjórnvaldið framfylgja tímanlega kröfunum í 5. og 6. gr. og framkvæmdargerðunum sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar. Landsbundna stjórnvaldið getur, hvenær sem er, krafist þess að veitandi reikipjónustu breyti eða afnemi aukagjaldið ef það samrýmist ekki 5. eða 6. gr.

Önnur lögbær yfirvöld skulu framfylgja kröfum 5. gr. og framkvæmdargerðanna sem skipta máli við beitingu þeirra heimilda sem þeim eru faldar með landslögum til innleiðingar á tilskipun (ESB) 2018/1972, eftir því sem við á.

Landsbundna stjórnvaldið og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina árlega um beitingu 5. og 6. gr. sem og þessarar greinar.

5. Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2286 skal gilda áfram þar til ný framkvæmdargerð, sem er samþykkt skv. 1. mgr. þessarar greinar, kemur til framkvæmda.

#### 8. gr.

### **Beiting aukagjalda í smásölu í sérstökum undantekningartilvikum fyrir notkun reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, og veiting annarra gjaldskráa**

1. Þegar veitandi reikipjónustu, með fyrirvara um þriðju undirgrein, leggur á aukagjald fyrir notkun reikipjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun, skal það uppfylla eftirfarandi kröfur, að undanskildum virðisaukaskatti:

- a) aukagjald sem lagt er á reikisímtöl, sem reglur eru settar um og hringd eru, reikismáskilaboð, sem reglur eru settar um og send eru, og reikigagnapjónustu, sem reglur eru settar um, skal ekki vera hærri en hámarksheildsölugjöldin sem kveðið er á um í 9. gr. (2. mgr.), 10. gr. (1. mgr.) og 11. gr. (1. mgr.), eftir því sem við á,
- b) aukagjald sem lagt er á reikisímtöl, sem reglur eru settar um og tekið er á móti, skal ekki vera hærri en hámarksverðið fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu sem ákvarðað er fyrir það ár í samræmi við 1. mgr. 75. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar er það svo að ef framkvæmdastjórnin ákveður, eftir að hafa endurskoðað framseldu gerðina sem samþykkt er skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, að ekki sé lengur nauðsynlegt að ákvarða verð fyrir lúkningu símtala í öllu Sambandinu og ákveður að leggja ekki á hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma, skal aukagjald, sem lagt er á reikisímtöl sem reglur eru settar um og tekið er á móti, ekki vera hærri en verðið sem ákvarðað er í nýjustu framseldu gerðinni sem samþykkt er skv. 75. gr. þeirrar tilskipunar.

Veitendur reikipjónustu skulu hvorki leggja aukagjald á reikismáskilaboð, sem reglur eru settar um og tekið er á móti, né á reikitalhólfsskilaboð sem tekið er á móti. Þetta skal vera með fyrirvara um önnur viðeigandi gjöld, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.

Veitendur reikipjónustu skulu innheimta gjöld fyrir reikisímtöl, sem hringd eru og tekið er á móti, á sekúndugrundvelli. Veitendur reikipjónustu geta lagt á lágmarksupphafsgjald fyrir tímabil sem ekki er lengra en 30 sekúndur fyrir símtöl sem hringd eru. Veitendur reikipjónustu skulu innheimta gjald af viðskiptavinum sínum fyrir veitta reikigagnapjónustu, sem reglur eru settar um, fyrir hvert kílóbæti, að frátöldum myndskilaboðum sem má gjaldfæra fyrir hverja einingu. Í slíku tilviki skal smásölugjaldið, sem veitanda reikipjónustu er heimilt að leggja á viðskiptavin reikipjónustu fyrir að senda eða taka á móti reikimyndskilaboðum, ekki vera hærri en hámarkssmásölugjaldið fyrir reikigagnapjónustu sem reglur eru settar um og sett er fram í fyrstu undirgrein.

2. Veitendur reikipjónustu geta boðið, og viðskiptavinir reikipjónustu geta valið sérstaklega, aðra reikigjaldskrá en þá sem sett hefur verið í samræmi við 4., 5. og 6. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, sem gerir viðskiptavinum reikipjónustu kleift að njóta góðs af annarri gjaldskrá fyrir reikigagnapjónustu, sem reglur eru settar um, en þeirri sem þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki mátt velja. Veitandi reikipjónustu skal minna þá viðskiptavini reikipjónustu á eðli þeirra kosta við reiki sem þá myndu tapast.

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein skulu veitendur reikipjónustu láta gjaldskrá, sem sett er í samræmi við 4. og 5. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, gilda sjálfkrafa fyrir alla viðskiptavini reikipjónustu sem fyrir eru og nýja viðskiptavini reikipjónustu.

Allir viðskiptavinir reikipjónustu geta, hvenær sem er, óskað eftir að skipta yfir í eða úr gjaldskrá í samræmi við 4., 5. og 6. gr. og 1. mgr. þessarar greinar. Þegar viðskiptavinir reikipjónustu kjósa sérstaklega að skipta úr eða aftur yfir í gjaldskrá, í samræmi við 4. 5. og 6. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, skulu öll skipti framkvæmd innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin, án endurgjalds og skulu skiptin hvorki hafa í för með sér skilyrði né takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar en reiki. Veitendur reikipjónustu geta frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en tveir mánuðir.

3. Með fyrirvara um III. hluta III. bóls tilskipunar (ESB) 2018/1972 skulu veitendur reikþjónustu tryggja að í smásölu-samningi, sem tekur til hvers konar reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um, séu tilgreindir helstu eiginleikar þeirrar reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um og veitt er, einkum og sér í lagi:

- a) sértæk gjaldskrá eða gjaldskrár og, fyrir hverja gjaldskrá, þær tegundir þjónustu sem boðnar eru, þ.m.t. fjarskiptamagn,
- b) takmarkanir sem settar eru á notkun reikþjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um og veitt er á gildandi smásöluverði innanlands, einkum tölulegar upplýsingar um hvernig viðmiðunarreglum um eðlilega notkun er beitt með vísan til helstu verðlagningarþátta, magnþátta eða annarra þátta viðkomandi reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um og veitt er,
- c) skýrar og auðskiljanlegar upplýsingar um skilyrði og gæði reikþjónustu þegar reiki er notað innan Sambandsins í samræmi við leiðbeiningar BEREC-hópsins sem um getur í 6. mgr.

4. Veitendur reikþjónustu skulu tryggja að í smásölusamningi, sem tekur til hvers konar reikþjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, séu veittar upplýsingar um þær tegundir þjónustu þar sem aukagjöld kunna að bætast við þegar reiki er notað, sbr. þó 97. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

5. Veitendur reikþjónustu skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr.

Að auki skulu veitendur reikþjónustu birta upplýsingar um ástæður fyrir því hvers vegna reikþjónusta sé mögulega boðin samkvæmt skilyrðum sem eru óhagstæðari en þau sem bjóðast á heimamarkaði. Í þeim upplýsingum skulu koma fram þeir þættir sem geta haft áhrif á gæði reikþjónustunnar sem viðskiptavinur reikþjónustu er áskrifandi að, s.s. hvaða kynslóðir neta og tækni eru tiltækar viðskiptavini reikþjónustu í heimsóttu aðildarríki.

6. Í þeim tilgangi að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal BEREC-hópurinn, eigi síðar en 1. janúar 2023, að höfðu samráði við hagsmunaaðila og í nánú samstarfi við framkvæmdastjórnina, uppfæra leiðbeiningar sínar um reiki í smásölu, einkum að því er varðar framkvæmd þessarar greinar og þeirra gagnsæisráðstafana sem um getur í 13., 14. og 15. gr.

9. gr.

#### **Heildsölugjöld fyrir reikisímtöl sem reglur eru settar um og hringd eru**

1. Meðalheildsölugjald sem rekstraraðila heimsóttts nets er heimilt að leggja á veitanda reikþjónustu fyrir reikisímtal sem reglur eru settar um og hringt er frá heimsóttta netinu, að meðtöldum m.a. upphafs-, umflutnings- og lúkningarkostnaði, skal ekki vera hærri en öryggismörk sem nema 0,022 evrum á mínútu. Hámarksheildsölugjaldið skal lækka í 0,019 evrur á mínútu 1. janúar 2025 og skal, með fyrirvara um 21. gr., vera 0,019 evrur á mínútu fram til 30. júní 2032.

2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil, eða fyrir styttra tímabil sé skemmra þangað til hæsta meðalheildsölugjaldið, eins og kveðið er á um í 1. mgr., fellur úr gildi, eða fram til 30. júní 2032.

3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildarheildsölutekjum af reiki með heildarfjölda reikimínútna sem viðkomandi rekstraraðili notar í raun til að veita reikisímtöl í heildsölu innan Sambandsins á viðkomandi tímabili, samantekið á sekúndugrundvelli og aðlagð til að taka tillit til þess möguleika að rekstraraðili heimsóttta netsins geti lagt á lágmarksupphafsgjald fyrir tímabil, sem ekki er lengra en 30 sekúndur, að því er varðar símtöl sem hringd eru.

10. gr.

#### **Heildsölugjöld fyrir reikismáskilaboð sem reglur eru settar um**

1. Meðalheildsölugjald sem rekstraraðila heimsóttts nets er heimilt að leggja á veitanda reikþjónustu fyrir að veita reikismáskilaboð, sem reglur eru settar um og send eru frá heimsóttta netinu, skal ekki vera hærri en öryggismörk sem eru 0,004 evrur fyrir hver smáskilaboð. Hámarksheildsölugjaldið skal lækka í 0,003 evrur fyrir hver smáskilaboð 1. janúar 2025 og skal, með fyrirvara um 21. gr., vera 0,003 evrur fram til 30. júní 2032.



2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil, eða fyrir styttra tímabil sé skemmra þangað til hæsta meðalheildsölugjaldið, eins og kveðið er á um í 1. mgr., fellur úr gildi, eða fram til 30. júní 2032.
3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildarheildsölutekjum, sem rekstraraðili heimsóttar netsins eða rekstraraðili heimanets fær fyrir upphaf og sendingu reikismáskilaboða, sem reglur eru settar um, innan Sambandsins á viðeigandi tímabili, með heildarfjölda smáskilaboða sem eiga upphaf hjá og eru send á vegum viðkomandi veitanda reikipjónustu eða rekstraraðila heimanets á því tímabili.
4. Rekstraraðili heimsóttar netsins skal ekki leggja gjald á veitanda reikipjónustu, sem veitir reikiviðskiptavinum reikipjónustu, eða rekstraraðila heimanets fyrir lúkningu reikismáskilaboða sem reglur eru settar um og send eru viðskiptavinum reikipjónustu sem notar reiki á heimsóttar netinu, að frátöldu gjaldinu sem um getur í 1. mgr.

*11. gr.*

**Heildsölugjöld fyrir reikigagnþjónustu sem reglur eru settar um**

1. Meðalheildsölugjald sem rekstraraðila heimsóttar nets er heimilt að leggja á veitanda reikipjónustu fyrir að veita reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, á heimsóttar netinu skal ekki vera hærra en öryggismörk sem eru 2,00 evrur fyrir hvert gígabæti af fluttum gögnum. Hámarksheildsölugjaldið skal lækka í 1,80 evrur á gígabæti fyrir hvert gígabæti af fluttum gögnum 1. janúar 2023, í 1,55 evrur á gígabæti 1. janúar 2024, í 1,30 evrur á gígabæti 1. janúar 2025, í 1,10 evrur á gígabæti 1. janúar 2026, í 1,00 evru á gígabæti 1. janúar 2027 og skal, með fyrirvara um 21. gr., haldast í 1,00 evru á gígabæti fyrir hvert gígabæti af fluttum gögnum fram til 30. júní 2032.
2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil, eða fyrir styttra tímabil sé skemmra þangað til hæsta meðalheildsölugjaldið, eins og kveðið er á um í 1. mgr., fellur úr gildi, eða fram til 30. júní 2032.
3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildarheildsölutekjum sem rekstraraðili heimsóttar netsins eða rekstraraðili heimanets fær fyrir að veita reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, á viðeigandi tímabili, með heildarfjölda megabæta af gögnum sem eru notuð í raun við veitingu þjónustunnar á því tímabili, umreiknuð í kílóbæti fyrir hönd viðkomandi veitanda reikipjónustu eða rekstraraðila heimanets á því tímabili.

*12. gr.*

**Heildsölugjöld fyrir neyðarfjarskipti**

Með fyrirvara um 9., 10. og 11. gr. skal rekstraraðili heimsóttar netsins hvorki leggja gjöld á veitanda reikipjónustu í tengslum við hvaða form af neyðarfjarskiptum sem er, sem viðskiptavinur reikipjónustu á frumkvæði að, né á flutning á upplýsingum um staðsetningu innhringjanda.

*13. gr.*

**Gagnsæi smásöluskilyrða fyrir reikisímtöl og -smáskilaboð**

1. Til að gera viðskiptavinum reikipjónustu viðvart um að þeir eigi að greiða reikigjöld, þegar hringt er eða tekið á móti símtali eða við sendingu smáskilaboða, skal sérhver veitandi reikipjónustu, þegar viðskiptavinir koma til aðildarríkis annars en þess þar sem sá sem veitir þeim þjónustu innanlands er, nema viðskiptavinirnir hafi tilkynnt veitanda reikipjónustu að þeir þarfnist ekki þeirrar þjónustu, veita viðskiptavinunum persónubundnar grunnupplýsingar um verðlagningu reikigjalda, að meðtöldum virðisaukaskatti, með sjálfvirkum skilaboðum, án ástæðulausrar tafar og endurgjaldslaust, sem viðskiptavinirnir þurfa að greiða fyrir að hringja og taka á móti símtölum eða senda smáskilaboð í aðildarríkinu sem heimsótt er.

Þær persónubundnu grunnupplýsingar um verðlagningu skulu gefnar upp í gjaldmiðli reikningsins, sem viðskiptavinurinn fær frá þeim sem veitir honum þjónustu innanlands, og innihalda upplýsingar um:

- a) þær viðmiðunarreglur um eðlilega notkun sem gilda um viðskiptavin reikþjónustu í Sambandinu og um aukagjöld sem lögð eru á þegar viðskiptavinurinn fer yfir þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglunum um eðlilega notkun og
- b) öll aukagjöld sem lögð eru á í samræmi við 6. gr.

Veitendur reikþjónustu skulu upplýsa viðskiptavini reikþjónustu með sjálfvirkum skilaboðum, án ástæðulausrar tafar og endurgjaldslaust, þegar þeir koma til aðildarríkis annars en þess þar sem sá sem veitir þeim þjónustu innanlands er, um hugsanlega hættu á að gjöld geti hækkað vegna notkunar á virðisaukandi þjónustu, nema þegar viðskiptavinur reikþjónustu hefur tilkynnt veitanda reikþjónustu að hann þarfnist ekki þessarar þjónustu. Slíkar upplýsingar skulu fela í sér tengil sem veitir aðgang án endurgjalds að sérstakri vefsíðu þar sem finna má uppfærðar upplýsingar um tegundir þjónustu sem aukakostnaður gæti lagst á, og, ef þær eru tiltækar, upplýsingar um númeraraðir fyrir virðisaukandi þjónustu eða aðrar viðeigandi viðbótarupplýsingar sem er að finna í gagnagrunninum sem komið er á fót samkvæmt fyrstu málsgrein a-liðar 16. gr. í samræmi við þriðju málsgrein 16. gr. Á vefsíðunni skulu einnig koma fram upplýsingar um gjöld sem gilda um frínúmer í reiki, ef einhver eru.

Persónubundnu grunnupplýsingarnar um verðlagningu, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu einnig innihalda gjaldfrjálsa númerið, sem um getur í 2. mgr., til að afla ítarlegri upplýsinga.

Við hver skilaboð skulu viðskiptavinir hafa færi á því að tilkynna veitanda reikþjónustu, án endurgjalds og með einföldum hætti, að þeir þarfnist ekki sjálfvirku skilaboðanna. Viðskiptavinir, sem hafa tilkynnt að þeir þarfnist ekki sjálfvirku skilaboðanna, skulu eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að óska eftir því að veitandi reikþjónustu veiti þjónustuna á ný.

Veitendur reikþjónustu skulu veita viðskiptavinum með fötlun persónubundnu grunnupplýsingarnar um verðlagningu, sem um getur í fyrstu undirgrein, sjálfkrafa og endurgjaldslaust með símtali í talsímaþjónustu óski þeir eftir því.

Að undanskilinni tilvísuninni í viðmiðunarreglur um eðlilega notkun og aukagjaldið, sem lagt er á í samræmi við 6. gr., skulu fyrsta, önnur, fimmta og sjötta undirgrein þessarar málsgreinar einnig gilda bæði um reikþjónustu fyrir talsíma og smáskilaboð, sem viðskiptavinir reikþjónustu nota þegar þeir tengjast landsbundnum eða alþjóðlegum ójarðbundnum almennum farnetum og sem veitandi reikþjónustu veitir, og um reikþjónustu fyrir talsíma og smáskilaboð sem viðskiptavinir reikþjónustu nota á ferðalögum sínum utan Sambandsins og sem veitandi reikþjónustu veitir.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu viðskiptavinir eiga rétt á því að óska eftir og fá endurgjaldslaust og óháð staðsetningu þeirra innan Sambandsins ítarlegri persónubundnar upplýsingar um verðlagningu reikigjalda, sem gilda á heimsóttá netinu um símtöl í talsímaþjónustu og smáskilaboð, ásamt upplýsingum um gagnsæisráðstafanir sem koma til framkvæmda með þessari reglugerð, með símtali í farsímaþjónustu eða með smáskilaboðum. Slík beiðni skal berast með símtali í gjaldfrjálst númer sem veitandi reikþjónustu tilgreinir til notkunar í þeim tilgangi. Skyldurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu ekki gilda um tæki sem styðja ekki smáskilaboðavirkni.

3. Veitandi reikþjónustu skal senda tilkynningu til viðskiptavinar reikþjónustu þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun reikþjónustu fyrir talsíma eða smáskilaboð, sem reglur eru settar um, hefur verið notað að fullu eða þegar notkunarmörkum, sem beitt er í samræmi við 6. gr., hefur verið náð. Í þeirri tilkynningu skal tilgreina aukagjaldið sem verður lagt á frekari notkun viðskiptavinar reikþjónustu á reikþjónustu fyrir talsíma eða smáskilaboð sem reglur eru settar um. Allir viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að veitandi reikþjónustu hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að veitandi reikþjónustunnar hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.

4. Veitendur reikþjónustu skulu veita öllum viðskiptavinum allar upplýsingar um viðeigandi reikigjöld þegar skrifað er undir áskrift. Þeir skulu einnig veita viðskiptavinum reikþjónustu uppfærðar upplýsingar um gildandi reikigjöld, án óþarfa tafa, í hvert sinn sem breytingar verða á þessum gjöldum.

Veitendur reikþjónustu skulu senda áminningu með eðlilegu millibili þaðan í frá til allra viðskiptavina sem hafa kosið aðra gjaldskrá.

5. Veitendur reikþjónustu skulu gera upplýsingar um hvernig eigi að komast með skilvirkum hætti hjá reiki fyrir slysi á landamærasvæðum aðgengilegar viðskiptavinum. Veitendur reikþjónustu skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að verja viðskiptavinum sína fyrir því að greiða reikigjöld vegna aðgangs að reikþjónustu fyrir slysi þegar þeir eru staddir í heimaaðildarríki sínu.

6. Veitendur reikþjónustu skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að verja viðskiptavinum sína fyrir því að greiða viðbótargjöld fyrir símtöl í talsímaþjónustu og smáskilaboð vegna tengingar fyrir slysi við ójarðbundin almennt farnet, s.s. að gera viðskiptavinum reikþjónustu kleift að hafna tengingu við ójarðbundin net. Þar sem slíkt fyrirkomulag um að hafna tengingu er í boði skal viðskiptavinur reikþjónustu eiga rétt á því að hafna notkun á ójarðbundnum netum hvenær sem er, auðveldlega og endurgjaldslaust, og að óska eftir því að tengingu við slíkt net verði komið á að nýju.

#### 14. gr.

### Gagnsæis- og verndarráðstafanir fyrir reikigagnþjónustu í smásölu

1. Veitendur reikþjónustu skulu tryggja að viðskiptavinir reikþjónustu séu nægilega vel upplýstir, bæði áður en og eftir að smásölusamningur er gerður, um gjöldin af notkun þeirra á reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, og upplýsa viðskiptavinum á þann hátt að þeir átti sig auðveldlega á fjárhagslegum afleiðingum slíkrar notkunar og geti fylgst með og haft stjórn á hversu miklu fé þeir verja í reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, í samræmi við 2. og 4. mgr.

Veitendur reikþjónustu skulu upplýsa viðskiptavinum sína, eftir því sem við á, um hættuna á sjálfvirkri og óhaminni reikigagnatengingu og niðurbroti, áður en smásölusamningur er gerður og reglulega eftir það. Að auki skulu veitendur reikþjónustu tilkynna viðskiptavinum reikþjónustu, án endurgjalds og á skýran og auðskilinn hátt, um hvernig eigi að slökkva á þessum sjálfvirku reikigagnatengingum svo þeir komist hjá óhaminni notkun reikigagnþjónustu.

2. Veitandi reikþjónustu skal senda viðskiptavinum reikþjónustu sjálfvirk skilaboð þess efnis að sá síðarnefndi sé að nota reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, og veita honum um leið persónubundnar grunnupplýsingar um gjöld fyrir veitingu reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, í gjaldmiðli reikningsins sem viðskiptavinurinn fær frá þeim sem veitir honum þjónustu innanlands og á við um viðkomandi viðskiptavin reikþjónustu í viðkomandi aðildarríki, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt veitanda reikþjónustu að hann þarfnist ekki þeirra upplýsinga.

Persónubundnu grunnupplýsingarnar um gjöld skulu innihalda upplýsingar um:

- a) þær viðmiðunarreglur um eðlilega notkun sem gilda um viðskiptavin reikþjónustu í Sambandinu og um aukagjöld sem lögð eru á þegar viðskiptavinurinn fer yfir þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglunum um eðlilega notkun og
- b) öll aukagjöld sem lögð eru á í samræmi við 6. gr.

Viðskiptavinur reikþjónustu skal fá upplýsingarnar sendar beint í fartæki sitt, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti, textaskilaboðum eða með sprettlugga í fartækinu, í hvert sinn sem viðskiptavinur reikþjónustu fer í annað aðildarríki en það þar sem sá sem veitir honum þjónustu innanlands er, og byrjar að nota reikigagnþjónustu í fyrsta sinn í því aðildarríki. Þær skulu veittar endurgjaldslaust á því augnabliki þegar viðskiptavinur reikþjónustu byrjar að nota reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, með þeim hætti að auðvelt sé að veita þeim viðtöku og skilja þær.

Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt veitanda reikþjónustu að hann þarfnist ekki sjálfvirku gjaldskráupplýsinganna, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að óska eftir því að veitandi reikþjónustu hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.

3. Veitandi reikþjónustu skal senda tilkynningu þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, hefur verið notað að fullu eða þegar notkunarmörkum, sem beitt er í samræmi við 6. gr., hefur verið náð. Í þeirri tilkynningu skal tilgreina aukagjaldið sem verður lagt á frekari notkun viðskiptavinar reikþjónustu á reikigagnþjónustu sem reglur eru settar um. Allir viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að veitandi reikþjónustu hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að veitandi reikþjónustunnar hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.

4. Sérhver veitandi reikþjónustu skal gefa öllum viðskiptavinum reikþjónustu endurgjaldslaust aðgang að aðstöðu sem veitir upplýsingar tímanlega um heildarnotkun reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, gefin upp í magni eða í þeim gjaldmiðli sem reikningar viðkomandi viðskiptavinar reikþjónustu eru gerðir í, og sem tryggir að heildarútgjöld viðskiptavinarins vegna reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, á tilteknu tímabili, að frátöldum myndskilaboðum, sem gjaldfærð eru eftir einingum, fari ekki yfir tiltekin fjárhæðarmörk, ef afdráttarlaust samþykki hans liggur ekki fyrir. Viðskiptavinir geta tilkynnt veitanda reikþjónustu að þeir þurfi ekki aðgang að slíkri aðstöðu.

Í þessu augnamiði skal veitandi reikipjónustu bjóða eina eða fleiri hámarksfjárhæðir fyrir tiltekin notkunartímabil, að því gefnu að viðskiptavininum hafi verið tilkynnt fyrir fram um magnið sem samsvarar þeim. Ein af þeim hámarksfjárhæðum (sjálfvirka hámarksfjárhæðin) skal vera nálægt 50 evrum, en ekki meira en það, af útistandandi gjöldum á mánaðarlegu reikningstímabili, að undanskildum virðisaukaskatti.

Einnig getur veitandi reikipjónustu sett mörk, sem miðast við uppgefið magn, að því gefnu að viðskiptavininum hafi verið tilkynnt fyrir fram um fjárhæðirnar sem samsvara þeim. Eitt af þeim mörkum (sjálfvirka magnhámarkið) skal miðast við samsvarandi fjárhæð sem nemur ekki meira en 50 evrum af útistandandi gjöldum á mánaðarlegu reikningstímabili, að undanskildum virðisaukaskatti.

Að auki getur veitandi reikipjónustu boðið viðskiptavinum reikipjónustu önnur mörk sem miðast við ólíkar, þ.e. hærri eða lægri, mánaðarlegar hámarksfjárhæðir.

Sjálfvirka hámarkið, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein, skal gilda fyrir alla viðskiptavini sem ekki hafa valið annað hámark.

Sérhver veitandi reikipjónustu skal einnig tryggja að viðeigandi tilkynning sé send beint í fartæki viðkomandi viðskiptavinar reikipjónustu, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti, textaskilaboðum eða með sprettiglugga í tölvunni, þegar reikigagnapjónustan er komin upp í 80% af umsömdu verð- eða magnhámarki. Allir viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að veitandi reikipjónustu hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að veitandi reikipjónustunnar hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.

Þegar farið er yfir þetta verð- eða magnhámark skal tilkynning send í fartæki viðkomandi viðskiptavinar reikipjónustu. Ef viðskiptavinur reikipjónustu, sem fellur undir sjálfvirka hámarksfjárhæð eða sjálfvirkt hámarksmagn, eins og um getur í fimmtu undirgrein, notar meira en 100 evrur á mánaðarlegu reikningstímabili, að undanskildum virðisaukaskatti, skal senda viðbótar-tilkynningu í fartæki viðskiptavinar reikipjónustu. Í þeim tilkynningum skal greina frá því ferli sem á að fylgja óski viðskiptavinarinnar eftir að notfæra sér þjónustuna áfram með tilheyrandi kostnaði við hverja viðbótareiningu sem er notuð. Ef viðskiptavinur reikipjónustu bregst ekki við því sem fram kemur í tilkynningunni skal veitandi reikipjónustu tafarlaust hætta að veita viðkomandi viðskiptavini reikipjónustu reikigagnapjónustu, sem reglur eru settar um, og rukka hann fyrir hana, nema og þar til viðskiptavinur reikipjónustu fer fram á að þjónustunni verði haldið áfram eða hún endurnýjuð.

Hvenær sem viðskiptavinur reikipjónustu óskar eftir að fella brott eða að setja aftur inn verð- eða magnhámark skulu skiptin framkvæmd innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttekin, án endurgjalds, og skulu þau hvorki hafa í för með sér skilyrði né takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar.

5. Ákvæði 2. og 4. mgr. skulu ekki gilda um tæki fyrir samskipti milli véla sem nota gagnasamskipti um farnet.
6. Veitendur reikipjónustu skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að verja viðskiptavini sína fyrir því að greiða reikigjöld vegna aðgangs að reikipjónustu fyrir slysi þegar þeir eru staddir í heimaaðildarríki sínu. Þar á meðal skal veita viðskiptavinum upplýsingar um hvernig eigi að komast með skilvirkum hætti hjá reiki fyrir slysi á landamærasvæðum.
7. Veitendur reikipjónustu skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að verja viðskiptavini sína fyrir því að greiða viðbótargjöld fyrir gagnapjónustu vegna tengingar fyrir slysi við ójarðbundin almennt farnet, s.s. að gera viðskiptavinum reikipjónustu kleift að hafna tengingu við ójarðbundin net. Þar sem slíkt fyrirkomulag um að hafna tengingu er í boði skal viðskiptavinur eiga rétt á því að hafna notkun á ójarðbundnum netum hvenær sem er, auðveldlega og endurgjaldslaust, og að óska eftir því að tengingu við slíkt net verði komið á að nýju.
8. Að undanskilinni annarri undirgrein 2. mgr., 3. og 6. mgr. og með fyrirvara um aðra og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar skal þessi grein einnig gilda bæði um reikigagnapjónustu, sem viðskiptavinir reikipjónustu nota þegar þeir tengjast landsbundnum eða alþjóðlegum ójarðbundnum almennum farnetum og sem veitandi reikipjónustu veitir, og um reikigagnapjónustu sem viðskiptavinir reikipjónustu nota á ferðalögum sínum utan Sambandsins og sem veitandi reikipjónustu veitir.

Að því er varðar aðstöðuna, sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr., skulu kröfurnar, sem kveðið er á um í 4. mgr., ekki gilda ef rekstraraðili heimsóttá netsins í heimsóttá landinu utan Sambandsins heimilar ekki veitanda reikipjónustu að fylgjast með notkun viðskiptavinarins í rauntíma.

Í því tilviki skal tilkynna viðskiptavininum með smáskilaboðum við komu í það land, án ástæðulausrar tafar og án endurgjalds, um að upplýsingar um uppsafnaða notkun og trygging fyrir því að fara ekki yfir tiltekin fjárhæðarmörk séu ekki til staðar.

15. gr.

#### **Gagnsæi að því er varðar aðgangsléiðir að neyðarþjónustu**

Veitendur reikiþjónustu skulu tryggja að viðskiptavinir reikiþjónustu séu upplýstir með fullnægjandi hætti um aðgangsléiðir að neyðarþjónustu í heimsóttá aðildarríkinu.

Veitandi reikiþjónustu skal upplýsa viðskiptavin reikiþjónustu, með sjálfvirkum skilaboðum, um að sá síðarnefndi geti fengið aðgang að neyðarþjónustu án endurgjalds með því að hringja í samevrópska neyðarnúmerið „112“. Með þessum skilaboðum skal viðskiptavinur reikiþjónustu einnig fá tengil sem veitir aðgang án endurgjalds að sérstakri vefsíðu sem er aðgengileg einstaklingum með fötlun og veitir upplýsingar um aðrar leiðir til að fá aðgang að neyðarþjónustu í gegnum neyðarfjarskipti sem eru skyldubundin í heimsóttá aðildarríkinu. Viðskiptavinur reikiþjónustu skal fá upplýsingarnar sendar í fartæki sitt með smáskilaboðum eða, ef nauðsyn krefur, á þann hátt að auðvelt sé að taka við þeim og skilja þær, í hvert sinn sem hann fer í annað aðildarríki en það þar sem sá sem veitir honum þjónustu innanlands er. Upplýsingarnar skulu veittar án endurgjalds.

Í aðildarríkjum þar sem notuð eru smáforrit fyrir fartæki fyrir opinberar viðvaranir skulu veitendur reikiþjónustu láta fylgja í skilaboðunum, sem um getur í annarri málsgrein þessarar greinar, upplýsingar um að mögulegt sé að taka á móti opinberum viðvörðunum í gegnum smáforrit fyrir fartæki fyrir opinberar viðvaranir, svo framarlega sem heimsóttá aðildarríkið hefur tilkynnt um tengilinn á smáforritið til gagnagrunnsins sem komið er á fót skv. b-lið fyrstu málsgreinar 16. gr. Á sérstöku vefsíðunni, sem um getur í annarri málsgrein þessarar greinar, skal vera tengill á smáforritið fyrir fartæki fyrir opinberar viðvaranir ásamt leiðbeiningum um niðurhal þess.

16. gr.

#### **Gagnagrunnar um númeraraðir fyrir virðisaukandi þjónustu og aðgangsléiðir að neyðarþjónustu**

Eigi síðar en 31. desember 2022 skal BEREC-hópurinn koma á fót og síðan viðhalda:

- a) einum gagnagrunni fyrir allt Sambandið, sem gera á aðgengilegan rekstraraðilum, landsbundnum stjórnvöldum og, eftir atvikum, öðrum lögbærum yfirvöldum, um númeraraðir fyrir virðisaukandi þjónustu í hverju aðildarríki og
- b) einum gagnagrunni fyrir allt Sambandið, sem gera á aðgengilegan rekstraraðilum og landsbundnum stjórnvöldum og, eftir atvikum, öðrum lögbærum yfirvöldum, um aðgangsléiðir að neyðarþjónustu sem er skyldubundin í hverju aðildarríki og tæknilega mögulegt fyrir viðskiptavini reikiþjónustu að nota.

Að því er varðar að koma á fót og viðhalda gagnagrunnunum, sem um getur í fyrstu málsgrein, skulu landsbundin stjórnvöld eða önnur lögbær yfirvöld, án ástæðulausrar tafar og með rafrænum hætti, láta BEREC-hópnum í té nauðsynlegar upplýsingar og viðeigandi uppfærslur.

Gagnagrunnarnir, sem um getur í fyrstu málsgrein, skulu, með fyrirvara um 13. gr., gera landsbundnum stjórnvöldum og öðrum lögbærum yfirvöldum kleift að veita viðbótarupplýsingar með valkvæðum hætti.

17. gr.

#### **Umsjón og framkvæmd**

1. Landsbundin stjórnvöld og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit og umsjón með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði þeirra.

Landsbundin stjórnvöld skulu hafa strangt eftirlit og umsjón með veitendum reikiþjónustu sem nýta sér 5. og 6. gr.

Önnur lögbær yfirvöld skulu, eftir atvikum, hafa eftirlit og umsjón með því að rekstraraðilar uppfylli skyldurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og máli skipta fyrir beitingu þeirra heimilda sem þeim eru faldar með landslögum til innleiðingar á tilskipun (ESB) 2018/1972.

2. Landsbundin stjórnvöld og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld og BEREC-hópurinn skulu sjá til þess að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, einkum 4., 5., 6. og 8.–11. gr., séu aðgengilegar öllum þannig að hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að þeim.

3. Landsbundin stjórnvöld og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld skulu, í samræmi við viðkomandi valdheimildir sínar, til undirbúnings fyrir endurskoðunina sem kveðið er á um í 21. gr. hafa eftirlit með þróun heildsölu- og smásölugjalda fyrir að veita viðskiptavinum reikipjónustu tal- og gagnafjarskiptapjónustu, þ.m.t. smáskilaboð og myndskilaboð, þ.m.t. á ystu svæðum Sambandsins sem um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Landsbundin stjórnvöld og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld skulu einnig vera á varðbergi fyrir tilteknum tilvikum þar sem reiki fyrir slysi á sér stað á landamærasvæðum samliggjandi aðildarríkja og fylgjast með því hvort aðferðum til að stýra umferð sé beitt þannig að viðskiptavinir verði fyrir óhagræði.

Landsbundin stjórnvöld og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld skulu fylgjast með og safna upplýsingum um reiki fyrir slysi og gera viðeigandi ráðstafanir.

4. Landsbundin stjórnvöld og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að fyrirtæki, sem bundin eru skyldum samkvæmt þessari reglugerð, veiti allar viðeigandi upplýsingar um framkvæmd og framfylgd þessarar reglugerðar. Þau fyrirtæki skulu veita slíkar upplýsingar tafarlaust ef þeirra er óskað og í samræmi við þau tímamörk og með þeirri nákvæmni sem landsbundið stjórnvald og, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld krefjast.

5. Ef landsbundið stjórnvald eða önnur lögbær yfirvöld telja að upplýsingar séu háðar trúnaðarkvöð í samræmi við reglur Sambandsins og landsbundnar reglur um viðskiptaleynd skal framkvæmdastjórnin, BEREC-hópurinn og öll önnur landsbundin stjórnvöld eða önnur lögbær yfirvöld, sem hlut eiga að máli, tryggja slíka trúnaðarkvöð. Viðskiptaleynd skal ekki koma í veg fyrir að landsbundna stjórnvaldið eða önnur lögbær yfirvöld, framkvæmdastjórnin, BEREC-hópurinn og öll önnur landsbundin stjórnvöld eða önnur lögbær yfirvöld, sem hlut eiga að máli, deili upplýsingum tímanlega vegna endurskoðunar, vöktunar og umsjónar með beitingu þessarar reglugerðar.

6. Landsbundin stjórnvöld skulu hafa vald til íhlutunar að eigin frumkvæði til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð. Landsbundin stjórnvöld eða önnur lögbær yfirvöld skulu, í þeim tilvikum sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 61. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, ef nauðsyn krefur, nýta sér það vald sem þeim er fengið skv. 61. gr. þeirrar tilskipunar til að tryggja fullnægjandi aðgang og samtengingu svo tryggja megi tengingu enda á milli og samvirkni reikipjónustu, t.d. þegar viðskiptavinir geta ekki skipst á reikismáskilaboðum, sem reglur eru settar um, við viðskiptavini jarðbundins almenns farnets í öðru aðildarríki vegna þess að ekki hefur verið gerður heildsölusamningur um reiki sem gerir kleift að senda þau boð.

7. Komist landsbundið stjórnvald eða, eftir atvikum, önnur lögbær yfirvöld, að því er varðar beitingu þeirra heimilda sem þeim eru faldar með landslögum til innleiðingar á tilskipun (ESB) 2018/1972, að því að brotið hafi verið gegn skyldunum sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu þau hafa heimild til að krefjast þess að slík brot verði stöðvuð án tafar.

18. gr.

### Lausn deilumála

1. Ef upp kemur deilumál í tengslum við skuldbindingar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, milli fyrirtækja sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu í aðildarríki skal málsmeðferðin við lausn deilumála, sem mælt er fyrir um í 26. og 27. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, gilda.

Deilumálum milli rekstraraðila heimsóttu nets og annarra rekstraraðila um gjöld sem lögð eru á aðföng sem nauðsynleg eru til að veita reikipjónustu í heildsölu, sem reglur eru settar um, má vísa til lögbærs landsbundins stjórnvalds eða -stjórnvalda skv. 26. og 27. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Lögbært landsbundið stjórnvald eða -stjórnvöld skulu tilkynna öll deilumál yfir landamæri til BEREC-hópsins til að leita megi samræmdrar lausnar á deilumálinu. Ef samráð hefur verið haft við BEREC-hópinn skal lögbæra landsbundna stjórnvaldið eða -stjórnvöldin bíða eftir álitum BEREC-hópsins áður en gripið er til aðgerða til að leysa deilumálið.

2. Ef lausn fæst ekki í deilumáli sem neytandi eða endanlegur notandi á hlut að og varðar málefni sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin tryggja að málsmeðferðin fyrir lausn deilumála utan dómstóla, sem mælt er fyrir um í 25. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, sé tiltæk.

19. gr.

### Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur og ráðstafanir og skulu án tafar tilkynna henni síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

20. gr.

### Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fjarskiptanefndarinnar sem komið er á fót með 1. mgr. 118. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

21. gr.

### Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við BEREC-hópinn, leggja tvær skýrslur fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf til breytingar á þessari reglugerð.

Fyrri skýrslan skal lögð fram eigi síðar en 30. júní 2025 og sú seinni eigi síðar en 30. júní 2029.

Skýrslurnar skulu m.a. innihalda mat á:

- áhrifum af útbreiðslu og innleiðingu næstu kynslóðar farneta og -tækni á reikimarkaðnum,
- skilvirkni skuldbindinga um gæði þjónustu, með tilliti til viðskiptavina reikipjónustu, tiltækileika og gæða þjónustunnar, þ.m.t. þeirrar þjónustu sem er staðgöngukostur fyrir reikipjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga, sem reglur eru settar um, einkum í ljósi tækniþróunar og aðgangs að mismunandi kynslóðum neta og tækni,
- samkeppnisstigi á bæði smásölu- og heildsölumörkuðum fyrir reiki, einkum raunverulegu heildsöluverði sem rekstraraðilar greiða og samkeppnisstöðu lítilla, óháðra eða nýrra rekstraraðila og rekstraraðila sýndarfarneta, þ.m.t. samkeppnisáhrif viðskiptaheildsölusamninga um reiki, umferðar sem verslað er með á viðskiptavettvöngum og með svipuðum úrræðum, og samtengingarstigi milli rekstraraðila,
- þróun reikis milli véla, þ.m.t. reiki hlutanetstækja,

- e) að hvaða marki árangur hefur náðst af framkvæmd ráðstafananna, sem kveðið er á um í 3. gr., einkum á grundvelli upplýsinganna sem landsbundnu stjórnvöldin veita um málsmæðferðina við fyrirframleyfi, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 3. gr., við þróun samkeppni á innri markaðnum fyrir reikipjónustu sem reglur eru settar um,
- f) þróun smásölugjaldskráa sem í boði eru,
- g) breytingum á gagnanotkunarmynstrum, bæði hvað varðar innlenda þjónustu og reikipjónustu, þ.m.t. breytingar á ferðamynstri endanlegra notenda í Evrópu vegna aðstæðna eins og heimsfaraldra, t.d. COVID-19, eða náttúruhamfara,
- h) getu rekstraraðila heimaneta til að viðhalda innlendu verðlíkani sínu og að hvaða marki sérstök aukagjöld á reiki í smásölu hafa verið heimiluð skv. 6. gr.
- i) getu rekstraraðila heimsótttra neta til að endurheimta kostnað sem raunverulega fellur til við að veita reikipjónustu í heildsölu, sem reglur eru settar um, með tilliti til nýjustu upplýsinga um útbreiðslu neta, sem og þróunar tæknilegrar getu, verðlagningarlíkana og takmarkana neta, t.d. möguleikans á að fella inn líkanreikninga kostnaðar sem byggjast á flutningsgetu frekar en notkun,
- j) áhrifum af beitingu rekstraraðila á viðmiðunarreglum um eðlilega notkun, þ.m.t. varðandi notkun endanlegra notenda, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem samþykktar eru skv. 7. gr., þ.m.t. greining á hvers konar ósamræmi í beitingu og framkvæmd slíkra viðmiðunarreglna um eðlilega notkun, auk skilvirkni og meðalhófs í almennri beitingu slíkra reglna,
- k) að hvaða marki viðskiptavinir reikipjónustu og rekstraraðilar standa frammi fyrir vandamálum í tengslum við virðisaukandi þjónustu og innleiðingu gagnagrunnsins um númeraðir fyrir virðisaukandi þjónustu sem komið er á skv. fyrstu málsgreinar a-liðar 16. gr.,
- l) beitingu ráðstafana þessarar reglugerðar og kvartana sem tengjast notkun neyðarfjarskipta í reiki,
- m) kvörtunum sem tengjast reiki fyrir slysi.

2. Til að meta samkeppnisþróun á reikimörkuðum innan Sambandsins skal BEREC-hópurinn reglulega safna gögnum frá landsbundnum stjórnvöldum um þróun á smásölu- og heildsölugjöldum fyrir reikipjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga sem reglur eru settar um, þ.m.t. heildsölugjöld sem lögð eru annars vegar á jafna og hins vegar ójafna reikiumferð, um áhrifin af útbreiðslu og innleiðingu næstu kynslóðar farneta og -tækni á reikimarkaðinn, um notkun viðskiptavettvanga og sambærilegra úrræða, um þróun reikis milli véla og reikis hlutanetstækja og um að hvaða marki heildsölusamningar um reiki ná yfir þjónustugæði og veita aðgang að mismunandi kynslóðum neta og tækni. Landsbundin stjórnvöld geta, eftir atvikum, veitt slík gögn í samstarfi við önnur lögbær yfirvöld.

BEREC-hópurinn skal einnig reglulega safna gögnum frá landsbundnum stjórnvöldum um beitingu rekstraraðila á viðmiðunarreglum um eðlilega notkun, þróun innlendra gjaldskráa, beitingu fyrirkomulags til að tryggja sjálfbærni og kvartanir um reiki og reglufylgni við skyldur um þjónustugæði. Eftir því sem við á skulu landsbundin stjórnvöld eiga samstarf við og safna slíkum gögnum frá öðrum lögbærum yfirvöldum. BEREC-hópurinn skal reglulega safna og veita viðbótarupplýsingar um gagnsæi, beitingu ráðstafana um neyðarfjarskipti, virðisaukandi þjónustu og um reiki á ójarðbundnum almennum farnetum.

BEREC-hópurinn skal einnig safna gögnum um heildsölusamninga um reiki sem falla ekki undir hámarksgjaldið fyrir reikipjónustu í heildsölu, sem kveðið er á um í 9., 10. eða 11. gr., og um framkvæmd samningsbundinna ráðstafana á heildsölustiginu sem miða að því að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluáðgangi að reiki í öðrum tilgangi en að veita reikipjónustu, sem reglur eru settar um, til viðskiptavina veitenda reikipjónustu á meðan hinir fyrrnefndu ferðast reglulega innan Sambandsins.

Tilkynna skal framkvæmdastjórninni a.m.k. einu sinni á ári um þau gögn sem BEREC-hópurinn safnar samkvæmt þessari málsgrein. Framkvæmdastjórnin skal birta þau opinberlega.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2027, leggja bráðabirgðaskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, sem byggist á gögnunum sem BEREC-hópurinn safnar samkvæmt þessari málsgrein, ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf til breytingar á þessari reglugerð.



BEREC-hópurinn skal, á grundvelli gagna sem safnað er samkvæmt þessari málsgrein, reglulega gefa skýrslu um þróun verðs og neyslumynsturs í aðildarríkjunum fyrir bæði innlenda þjónustu og reikipjónustu, um þróun raunverulegra reikigjalda í heildsölu fyrir ójafna umferð milli veitenda reikipjónustu og um tengslin milli smásöluverðs, heildsölugjalda og heildsölu kostnaðar fyrir reikipjónustu. BEREC-hópurinn skal meta hversu náið þau atriði tengjast hvert öðru.

22. gr.

#### **Tilkynningaskylda**

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða landsbundnu stjórnvöld og, þar sem við á, önnur lögbær yfirvöld bera ábyrgð á því að annast verkefni samkvæmt þessari reglugerð.

23. gr.

#### **Niðurfelling**

Reglugerð (ESB) nr. 531/2012 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

24. gr.

#### **Gildistaka og gildislok**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2022.

Skyldur veitenda reikipjónustu til að veita upplýsingar um númeraraðir fyrir virðisaukandi þjónustu, eins og um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 13. gr., og upplýsingar um aðrar aðgangsléiðir að neyðarþjónustu, eins og um getur í annarri undirgrein 15. gr., að því er varðar upplýsingarnar í gagnagrunnunum, sem um getur í 16. gr., gilda þó frá og með 1. júní 2023.

Reglugerð þessi fellur úr gildi 30. júní 2032.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. apríl 2022.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

R. METSOLA

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. BEAUNE

*forseti.*

*I. VIÐAUKI***Niðurfelld reglugerð með skrá yfir síðari breytingar hennar**

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10).	
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 (Stjtið. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).	Einungis 7. gr.
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/920 (Stjtið. ESB L 147, 9.6.2017, bls. 1).	

## II. VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Reglugerð (ESB) nr. 531/2012	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	-
3. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	-
5. mgr. 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
6. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
7. mgr. 1. gr.	-
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
a- og b-liður 2. mgr. 2. gr.	a- og b-liður 2. mgr. 2. gr.
c-liður 2. mgr. 2. gr.	-
d-liður 2. mgr. 2. gr.	c-liður 2. mgr. 2. gr.
e-liður 2. mgr. 2. gr.	d-liður 2. mgr. 2. gr.
f-liður 2. mgr. 2. gr.	e-liður 2. mgr. 2. gr.
g-liður 2. mgr. 2. gr.	f-liður 2. mgr. 2. gr.
h-liður 2. mgr. 2. gr.	g-liður 2. mgr. 2. gr.
j-liður 2. mgr. 2. gr.	h-liður 2. mgr. 2. gr.
k-liður 2. mgr. 2. gr.	i-liður 2. mgr. 2. gr.
m-liður 2. mgr. 2. gr.	j-liður 2. mgr. 2. gr.
o-liður 2. mgr. 2. gr.	k-liður 2. mgr. 2. gr.
p-liður 2. mgr. 2. gr.	l-liður 2. mgr. 2. gr.
q-liður 2. mgr. 2. gr.	m-liður 2. mgr. 2. gr.
r-liður 2. mgr. 2. gr.	n-liður 2. mgr. 2. gr.
s-liður 2. mgr. 2. gr.	-
1. til 8. mgr. 3. gr.	1. til 8. mgr. 3. gr.
9. mgr. 3. gr.	-
4. gr.	-
5. gr.	-
6. gr.	20. gr.
6. gr. a	1. mgr. 4. gr.
-	2. mgr. 4. gr.
-	3. mgr. 4. gr.
6. gr. b	5. gr.
6. gr. c	6. gr.
1., 2. og 3. mgr. 6. gr. d	1., 2. og 3. mgr. 7. gr.
4. mgr. 6. gr. d	Þriðja undirgrein 1. mgr. 7. gr.

5. mgr. 6. gr. d	4. mgr. 7. gr.
-	5. mgr. 7. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr. e	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 8. gr.
a-liður 1. mgr. 6. gr. e	a-liður 1. mgr. 8. gr.
b-liður 1. mgr. 6. gr. e	-
c-liður 1. mgr. 6. gr. e	b-liður 1. mgr. 8. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr. e	Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 8. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 6. gr. e	Fjórdá undirgrein 1. mgr. 8. gr.
Fjórdá undirgrein 1. mgr. 6. gr. e	Önnur undirgrein 1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 6. gr. e	-
3. mgr. 6. gr. e	2. mgr. 8. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 4. mgr. 6. gr. e	Inngangsorð 3. mgr. 8. gr.
a- og b-liður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 6. gr. e	a- og b-liður 3. mgr. 8. gr.
-	c-liður 3. mgr. 8. gr.
-	4. mgr. 8. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. 6. gr. e	5. mgr. 8. gr.
-	6. mgr. 8. gr.
6. gr. f	-
7. gr.	9. gr.
9. gr.	10. gr.
11. gr.	-
12. gr.	11. gr.
-	12. gr.
Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 14. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 13. gr.
-	Þriðja undirgrein 1. mgr. 13. gr.
Þriðja og fjórða undirgrein 1. mgr. 14. gr.	Fjórdá og fimmta undirgrein 1. mgr. 13. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 14. gr.	2. mgr. 15. gr.
Fimmta og sjötta undirgrein 1. mgr. 14. gr.	Sjötta og sjöunda undirgrein 1. mgr. 13. gr.
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 13. gr.
2. mgr. a í 14. gr.	3. mgr. 13. gr.
3. mgr. 14. gr.	4. mgr. 13. gr.
-	6. mgr. 13. gr.
4. mgr. 14. gr.	5. mgr. 13. gr.
1. og 2. mgr. 15. gr.	1. og 2. mgr. 14. gr.
2. mgr. a í 15. gr.	3. mgr. 14. gr.
3. mgr. 15. gr.	4. mgr. 14. gr.
4. mgr. 15. gr.	5. mgr. 14. gr.

5. mgr. 15. gr.	6. mgr. 14. gr.
-	7. mgr. 14. gr.
6. mgr. 15. gr.	8. mgr. 14. gr.
-	15. gr.
-	16. gr.
1.–4. mgr. 16. gr.	1.–4. mgr. 17. gr.
4. mgr. a í 16. gr.	5. mgr. 17. gr.
5. mgr. 16. gr.	6. mgr. 17. gr.
6. mgr. 16. gr.	7. mgr. 17. gr.
17. gr.	18. gr.
18. gr.	19. gr.
1. mgr. 19. gr.	-
2. mgr. 19. gr.	-
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 19. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 21. gr.
-	a-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
a- og b-liður annarrar undirgreinar 3. mgr. 19. gr.	b- og c-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
-	d-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
c-liður 3. mgr. 19. gr.	e-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
d-liður 3. mgr. 19. gr.	f-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
e-liður 3. mgr. 19. gr.	g-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
f-liður 3. mgr. 19. gr.	h-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
g-liður 3. mgr. 19. gr.	i-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
h-liður 3. mgr. 19. gr.	j-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
-	k-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
-	l-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
-	m-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 19. gr.	Fyrsta og þriðja undirgrein 2. mgr. 21. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. 19. gr.	Fjórtða undirgrein 2. mgr. 21. gr.
-	Fimmta undirgrein 2. mgr. 21. gr.
Þriðja undirgrein 4. mgr. 19. gr.	Sjötta undirgrein 2. mgr. 21. gr.
Fjórtða undirgrein 4. mgr. 19. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 21. gr.
20. gr.	22. gr.
21. gr.	23. gr.
22. gr.	24. gr.
-	
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki